

# LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 18. júní 2026.

Mál nr. 198/2026:

## Barnaverndarþjónusta A

(Einar Hugi Bjarnason lögmaður)

gegn

B

(Kristján Gunnar Valdimarsson lögmaður)

## Lykilorð

Börn. Barnavernd. Forsjársvipting. Matsgerð. Meðalhóf.

## Útdráttur

Barnaverndarþjónusta A höfðaði mál á hendur B og krafðist þess að hún yrði svipt forsjá barns síns á grundvelli a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í hinum áfrýjaða dómi var fallist á að skilyrði a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. laganna væru uppfyllt. Taldi dómurinn á hinn bóginn að ekki hefði verið fullreynt að bæta forsjárhæfni B með stuðningsúræðum sem tæk eru í barnaverndarstarfi. Þannig væri skilyrði 2. mgr. 29. gr. laganna um meðalhóf ekki fullnægt og var kröfu barnaverndarþjónustu A um forsjársviptingu því hafnað. Í dómi Landsréttar var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að uppfyllt væru efnisleg skilyrði a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. fyrir því að B yrði svipt forsjá barns síns. Um meðalhófsreglu 2. mgr. sama ákvæðis kom fram að B hefði fyrir tilstuðlan barnaverndarþjónustu A notið mikils og þétts stuðnings um margra mánaða skeið. Þrátt fyrir þetta tilsjón og ráðgjöf hefði B ekki tekið þeim framförum sem vonast var til og að var stefnt. Ekkert lægi fyrir um að staða B væri önnur í dag en þegar ákvörðun var tekin um að óska eftir að hún skyldi svipt forsjá. Fyrir lægi að forsjárhæfni B hefði verið metin verulega skert og hefði umfangsmikill stuðningur ekki skilað öruggri og traustri tengslamyndun milli B og barnsins. Færni B til tengslamyndunar og að lesa í aðstæður og tilfinningar barnsins hefði ekki aukist og af gögnum málsins var talið mega ráða að B gengist ekki við eða hefði innsæi í eigin veikleika og að mikið skorti á tengsl hennar og barnsins. Með vísan til þess sem rakið var í dómi Landsréttar um stuðning og leiðbeiningar sem B hafði notið og í ljósi nær óbreyttrar stöðu hennar þrátt fyrir vinnu, var talið fullreynt að efla foreldrahæfni hennar þannig að hún gæti tekið við umsjón barnsins. Þá var talið að hagsmunir barnsins mældu eindregið gegn því að tengsl þess við fösturforeldra yrðu rofin á viðkvæmu aldursskeiði til að snúa aftur til B þegar það væri með öllu ólíklegt að frekari stuðningur myndi bæta forsjárhæfni hennar svo nokkru næmi. Við mat á því, þegar vega þurfi saman hagsmuni barns og foreldra, yrði að mati Landsréttar að játa stjórnvöldum ákveðið svigrúm og hafa hagsmuni barns ávallt í fyrirrúmi. Samkvæmt framangreindu var ekki talið að önnur og vægari úrræði

*en forsjársvipting stæði til boða í máli B og var krafa barnaverndarþjónustu A um að B yrði svipt forsjá því tekin til greina.*

## **Dómur Landsréttar**

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen og Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur.

### **Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 12. mars 2026. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 11. mars 2026 í málinu nr. E--[...] /2025.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að stefnda verði með dómi svipt forsjá yfir barni sínu, C á grundvelli a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður óháð úrslitum málsins.
- 3 Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Landsrétti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- 4 Fyrir Landsrétt hefur verið lagður fram töluverður fjöldi nýrra gagna. Þar á meðal eru gögn er lúta að samskiptum við stefndu í lok árs 2024 og ársbyrjun 2025, samskipti við Ylfu ehf. 17. desember 2024, bréf Landspítala 9. febrúar 2026 og upplýsingar um stöðu máls eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms.
- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gaf D sálfræðingur viðbótarskýrslu við skýrslu sína í héraði. Þá gaf skýrslu vitnið E, sem er með BA-gráðu í félagsráðgjöf og PMTO-ráðgjafi (Parent Management Training-Oregon Model).

### **Niðurstaða**

- 6 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sú niðurstaða hans að uppfyllt séu efnisleg skilyrði a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga fyrir því að stefnda verði svipt forsjá barns síns. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis skal þó aðeins gera kröfu um sviptingu forsjar að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða ef slíkar aðgerðir hafa verið reyndar án viðunandi árangurs.
- 7 Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi hefur mál þetta verið til meðferðar hjá áfrýjanda frá [...] ágúst 2024 eftir að tilkynning barst frá Landspítala um að stefnda hefði komið í geðrofi á bráðadeild með [...] vikna gamalt barn sitt. Var barnið í kjölfar tilkynningarinnar neyðarvistað á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga. Þá liggur fyrir að stefnda samþykkti vistun barnsins hjá fósturfjölskyldu frá 26. ágúst til 26. nóvember 2024. Í kjölfar þess að stefnda var útskrifuð af geðdeild var gerður samningur við stefndu um umgengni við barnið samkvæmt 74. gr. barnaverndarlaga þar sem kveðið var á um umgengni tvisvar í viku tvo klukkutíma í senn. Meðan á vistun stefndu á geðdeild stóð var umgengnin einu sinni í viku, tvo klukkutíma í senn.

- 8 Stefnda ritaði 22. nóvember 2024 undir áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga sem gilda skyldi til 27. febrúar 2025 þar sem fram kom að áfrýjandi teldi ekki tímabært að barnið sneri alfarið aftur til stefndu. Væri markmið áætlunarinnar meðal annars að umgengni yrði aukin og stefndu veittur lengri tími með barninu svo meta mætti forsjárhæfni hennar. Lagt var til að umgengni færi fram á öðru fósturheimili en barnið væri vistað á, það er á fósturheimili sem hefði tök á að hafa bæði stefndu og barnið, sinna eftirliti og aðstoða stefndu. Þannig væru meiri líkur á að stefnda næði að mynda tengsl við barnið og meiri samfella myndi verða í umönnun. Kom fram að hlutverk áfrýjanda væri meðal annars að úvega fósturheimili sem gæti tekið á móti bæði stefndu og barninu.
- 9 Af gögnum sem lögð hafa verið fyrir Landsrétt verður ráðið að í desember 2024 hafi staðið til að auka stuðning við stefndu í formi tilsjónar og að starfsmenn áfrýjanda hafi í því skyni óskað eftir því að Ylfa ehf. tæki að sér það verkefni. Til hafi staðið að útfæra þá tilsjón frekar á símafundi 20. desember 2024 en af því hafi ekki orðið þar sem um svipað leyti hafi stefnda upplýst áfrýjanda um að hún væri að flytjast til [...] og vildi afsala sér forsjá barnsins. Verður ráðið af þessum gögnum að staða stefndu hafi verið mjög óljós á þessum tíma. Hún hafi skrifað undir afsal forsjár barnsins 23. sama mánaðar en dregið það til baka þremur dögum síðar. Hún hafi jafnframt óskað eftir því að barnið yrði ættleitt. Í janúar 2025 hafi hún svo tilkynnt starfsmönnum áfrýjanda að hún væri að verða heimilisláus. Kveður áfrýjandi að þessi óljósa staða áfrýjanda hafi leitt til þess að horfið var frá því að fá Ylfu ehf. að máli stefndu. Þess í stað hafi verið samið við vitnið E, sem sinnt hafði tilsjón og eftirliti með umgengni stefndu við barnið frá nóvember 2024, um að taka að sér aukna tilsjón í umgengni en stefnda hafi borið traust til hennar. Skyldi umgengnin vara í átta tíma í senn einu sinni í viku.
- 10 Stefnda skrifaði 17. mars 2025 undir áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga þar sem fram kom að markmið áætlunarinnar væri að veita henni stuðning og aðstoð við tengslamyndun með viðeigandi úrræðum. Að tengslamati loknu skyldi sett upp tengslameðferð með niðurstöður matsins í huga þannig að meðferðin hentaði stöðu stefndu og barnsins. Umgengni skyldi áfram vera átta klukkustundir í senn einu sinni í viku en skyldi endurskoðuð eftir niðurstöðum tengslamatsins.
- 11 Áfrýjandi leitaði, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, til F um að gera mat á tengslum stefndu við barnið og lágu niðurstöður úr því fyrir 21. apríl 2025. Kom þar meðal annars fram að „tengslahegðun“ barnsins hefði verið mjög lágstemmd og það sýnt einkenni depurðar með stefndu. Jafnframt teldist „tengslahegðun“ hennar til depurðar. Samkvæmt skimun á Infant Care Index (ICI) mati hafi barnið og stefnda aðeins skorað eitt stig af 14 mögulegum vegna andlegrar vanlíðanar stefndu og vanvirkni hennar sem fælist í því að hún væri ófær um að sýna barninu tilfinningalega nánd. Lagði F fram nokkrar tillögur að stuðningi við stefndu, þar á meðal að stefnda

og barn hennar yrðu vistuð saman til lengri tíma þar sem stefnda fengi þjálfun í foreldrafærni auk þess sem öryggi barnsins yrði tryggt og að stefnda sækti tengslaeflandi meðferð vikulega þar sem stefnda yrði þjálfuð í að lesa í tengslaþarfir barnsins. Í meðferðinni fælist jafnframt ungbarnanudd og ungbarnasund.

- 12 Á fundi 2. maí 2025 samþykkti áfrýjandi framangreindar tillögur og var starfsmanni áfrýjanda falið að kanna möguleika á fósturvistun mæðginanna og þá hófst tengslaeflandi meðferð hjá F 20. sama mánaðar. Var um að ræða átta tíma viðveru stefndu með barni sínu undir eftirliti og tilsjón einu sinni í viku á G. Þá var stefnda áfram vikulega í átta tíma umgengni á heimili sínu undir eftirliti og tilsjón vitnisins E.
- 13 Að lokinni fimm vikna tengslaeflandi meðferð skilaði F 28. júní 2025 samantekt um framgang og árangur af meðferðinni. Kemur þar meðal annars fram:

Barnið sýnir óörugga bælda tengslahegðun í kringum móður, ekkert rými er fyrir tilfinningalega tjáningu barns og eftir væga tjáningu bælir barn frekari tjáningu og móðir fær sínu fram.

Á þeim tíma sem móðir og barn hafa verið að mæta í tengslaeflandi meðferð þá hefur orðið framför hjá móður, þar sem andleg líðan virðist vera betri. Hins vegar hefur móðir verið þreytuleg og átt erfitt með úthald í að halda einbeitingu og athygli barnsins.

Móðir á erfitt með að setja sig í spor barnsins og les illa í yrta og óyrta hegðun barns líkt og þegar hún gefur barni að borða, heldur barni hjá sér, heldur barni á lofti og barnið sýnir með afgerandi hætti óöryggi, vanlíðan og hræðslu.

Tengslamatsaðili telur öryggi barns með móður ekki tryggt nema undir eftirliti. Umgengni barns við móður er nú þegar rúm, áhyggjur eru af því hvort sú umgengni sé of mikil og of löng. Án eftirlits telur tengslamatsaðili barnið vera í óöruggum aðstæðum auk þess sem sálfélagsglum þroska barnsins getur verið stefnt í hættu.

Tengslamatsaðili veltir fyrir sér hvort móðir sé fær um að auka tilfinningalegt innsæi með barnið í huga. Hvort einhver skerðing valdi því að hún sé ekki fær um það.

- 14 Samkvæmt skýrslum vitnisins E, sem sinnt hafði tilsjón og eftirliti með stefndu í umgengni við barnið frá nóvember 2024, höfðu ekki orðið miklar framfarir. Kemur þar meðal annars fram að yfirbragð stefndu einkennist almennt af flatneskju. Þótt stefnda væri líflegri en áður hefði það ekki skilað sér til barnsins. Hún þyrfti enn mikla leiðsögn og ætti erfitt með að taka sjálfstæðar ákvarðanir, til dæmis þegar kæmi að matargjöfum og pelagjöfum barnsins, og læsi illa í hvenær matargjöf væri æskileg, hversu mikið og hvað ætti að gefa barninu. Þegar stefnda gæfi sig að barninu birtist það ekki sem eðlislægt heldur frekar vélrænt. Þegar tækifæri gæfust til að mynda tengsl gripi stefnda þau ekki. Þegar barnið yrði órólegt yrði stefnda óörugg og leitaði mikið til vitnisins og sýndi þá barninu hvorki svipbrigði né gæfi frá sér eðlislæg hljóð sem rói ung börn. Stefnda hafi virst eirðar- og úthaldslaus í umgengni, hún hafi stundum sýnt perring í garð barnsins og í nokkur skipti sofnað þó drengurinn væri vakandi. Hún hafi mikið verið í síma sínum og ítrekað horft á raunveruleikaþætti í símanum meðan barnið var vakandi og leitaðist eftir athygli frá henni. Meðleigjendur stefndu hafi virst meðvitaðar um að hún þurfi leiðsögn við umönnun barnsins, þær

hafi leiðbeint henni mikið og oft stigið inn í umönnunarhlutverk gagnvart barni. Stefndu hafi þótt barnið koma með of lítið af leikföngum með sér í umgengni en hafi þó ekki haft frumkvæði að því að eiga leikföng eða aðra hluti ætlaða barninu þrátt fyrir að umgengni hafi aukist og væri nú tveir heilir dagar í viku. Þrátt fyrir að áfrýjandi hefði leigt kerru og bílstól fyrir stefndu hefði hún ekki frumkvæði eða áhuga á að fara út með barnið og virtist frekar vilja að umgengni færi einungis fram inni. Sams konar upplýsingar komu fram frá þeim aðilum sem sinntu eftirliti og tilsjón með umgengni á G.

- 15 Á meðferðarfundi 2. júlí 2025 samþykkti áfrýjandi tillögu málastjóra með málinu, H, um að barnið skyldi áfram vistað utan heimilis og jafnframt að farið skyldi fram á sviptingu forsjár þar sem stefnda hefði ekki sýnt fram á hæfni og getu til að annast barn sitt og litlar sem engar framfarir hefðu orðið þrátt fyrir mikla vinnu og stuðning. Fram kom að stefnda hefði ekki fallist á tillögu málastjóra.
- 16 Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi gaf F skýrslu við aðalmeðferð málsins í héraði. Vitnið skýrði stigagjöf í ICI-mati svo að ef einstaklingur skori núll til tvö stig þá sé það helst vegna skorts á foreldrafærni en ekki vegna andlegra veikinda eða neyslu eða annars þess háttar. Þá greindi vitnið frá því að þrátt fyrir upphaflega tillögu hennar um að stefnda og barnið yrðu vistuð saman á fósturheimili hafi mat hennar á fýsileika þess úrræðis breyst eftir að stefnda hafði verið hjá henni í tengslaeflandi meðferð. Þar hafi áhyggjur af foreldrafærni stefndu orðið verulegar. Nefndi vitnið sem dæmi að stefnda hefði ekki haft úthald í leik með barninu. Hún hafi getað yfirfært leiðbeiningar um leik „í nokkrar sekúndur, jafnvel mínútu og svo var það búið.“ Því hafi áhyggjur vitnisins vaknað af því hvernig stefndu myndi reiða af með barnið án eftirlits í klukkutíma og væri mat þess að öryggi barnsins væri ekki tryggt undir þeim kringumstæðum. Tengsl barnsins við stefndu hafi verið „mjög óörugg“. Stefnda hafi átt erfitt með að tileinka sér handleiðslu í tengslameðferðinni og yfirfæra hana. Spurt hvort ekki hefði verið hægt að æfa foreldrafærni á sameiginlegu fósturheimili eins og til stóð svaraði vitnið því að aðeins væri hægt að kenna sumt en annað væri eðlislægt. Það sé eðlislægt að vernda börn sín frá hættum og geta lesið í svipbrigði þeirra. Praktíska umhirðu og umönnun sé hægt að þjálfu en ef það skorti tilfinningalegt innsæi geti það verið skaðlegt fyrir samfélagslegan þroska barna. Var mat vitnisins að stefnda ætti erfitt með að hafa þarfir barnsins í huga og að hennar þarfir vegi þyngra í samskiptum þeirra.
- 17 Svo sem fram er komið gaf vitnið E skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti. Kvaðst vitnið fyrst hafa komið að málefnum stefndu í lok árs 2024 en skömmu síðar hefði það verið ráðið sem sérfræðingur í velferð hjá A og hefði aðkoma þess að máli stefndu orðið meiri í byrjun árs 2025. Það hafi ekki einvörðungu sinnt eftirliti heldur einnig leiðbeiningu og þjálfun. Hlutverk þess hefði verið fjölbreytt. Þannig hefði það veitt stefndu félagslega ráðgjöf, svo sem aðstoð við að sækja um störf, atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð og endurhæfingu hjá VIRK. Þá hefði það einnig

aðstoðað hana með aðbúnað fyrir barnið, svo sem að koma því til að hún fengi bílstól, kerru og kerrupoka. Það hefði jafnframt veitt henni ráðgjöf og þjálfun í umgengni hennar við barnið og í þeirri ráðgjöf stuðst við PMTO meðferðargrunninn sem gangi út á að kenna tilfinningastjórnun, virk samskipti, hlustun og tjáningu. Vitnið sinnti enn eftirliti með umgengni stefndu. Greindi vitnið meðal annars frá því að þrátt fyrir að stefnda hefði mikinn vilja til að leggja sig fram benti margt til þess að hún hefði ekki getu til að skilja þarfir barnsins, setja sig í spor þess og mynda tengsl við það. Stefnda væri óörugg með grunnþarfir barnsins, til dæmis hvort eða hvenær það væri svangt, hvort það þyrfti að skipta á því og þess háttar. Hún þyrfti miklar leiðbeiningar við umönnun barnsins. Lýsti vitnið dæmum um úrræðaleysi stefndu við ákveðnar aðstæður í umgengni við barnið. Stefnda ætti jafnframt til að taka barnið úr leik eða taka af því leikföng þegar það væri sátt og undi sér. Þá komi fram mótþrói í barninu gagnvart stefndu sem hafi aukist. Hún hafi jafnframt haft takmarkað úthald þegar umgengni var löng. Spurt hvort það teldi að stefnda hefði innsæi í skort hennar á tengslum og samskiptum svaraði vitnið að mat þess væri að stefnda áttaði sig ekki almennilega á því hver staðan væri. Vitnið taldi jafnframt að stefnda væri ekki fær um að setja sig í spor barnsins og hafði efasemdir um að hægt væri að kenna henni það eða þjálfað það upp í henni. Byggði sú afstaða vitnisins á allri þeirri vinnu sem farið hefði fram enda kæmu sífellt upp aðstæður og vísbendingar sem bentu til þess að stefnda ætti erfitt með að mynda tengsl og lesa í grunnþætti barnsins en það væri nauðsynlegt til að tryggja öryggi þess. Eins og staðan væri í dag hefði vitnið áhyggjur af líkamlegu öryggi, almennri umönnun og þroska barnsins ef það færi aftur í umsjá stefndu. Stefndu vanti grunninn er lýtur að tilfinningum, samskiptum og að barnið finni að það sé verið að hlusta á það og sinna þörfum þess.

- 18 D sálfræðingur var dómkvaddur til að leggja mat á forsjárhæfni móður. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi var niðurstaða hans meðal annars að forsjárhæfni stefndu teldist verulega skert, einkum þegar horft væri til þess að barnið væri á viðkvæmu þroskaskeiði og hefði þörf fyrir stöðuga og fyrirsjáanlega umönnun. Teldi matsmaður umtalsverða hættu á bakslagi í geðheilsu stefndu samhliða auknu álagi, ekki síst ef barnið væri komið í hennar umsjá. Samskipti stefndu við barnið einkennist af litlu frumkvæði, takmarkaðri gagnkvæmni og erfiðleikum hennar við að lesa í boð og tilfinningar barnsins. Hún fylgi leiðbeiningum aðeins eftir í skemmri tíma en eigi erfitt með að meðtaka og yfirfæra leiðbeiningar yfir í nýjar aðstæður sem bendi til þess að hún eigi erfitt með að tileinka sér foreldrafærni og að innsæi hennar í foreldrahlutverkið sé takmarkað. Við mat á því hvort unnt væri að beita vægari úrræðum en forsjársviptingu yrði fyrst og fremst að líta til hagsmuna barnsins, þar sem þroski, öryggi og tengsl á fyrstu æviárum séu afgerandi þættir fyrir framtíðarhorfur þess. Með það í huga væri lítið svigrúm fyrir langvarandi óvissu og óstöðugleika. Ólíklegt væri að stefnda hefði burði til að ná upp nauðsynlegri foreldrafærni innan þess tímaramma sem ásættanlegur væri fyrir þroska barnsins.

- 19 Matsmaður gaf skýrslu í héraði og er gerð grein fyrir framburði hans þar í hinum áfrýjaða dómi. Hann gaf jafnframt, eins og fram er komið, skýrslu fyrir Landsrétti. Var hann meðal annars spurður út í mat sitt á forsjárhæfni stefndu og þá ályktun hans að ekki lægju fyrir nægilega traustar forsendur til að ætla að vægari úrræði gætu tryggt velferð og stöðugleika barnsins innan þess tímaramma sem teldist „þroskalega ásættanlegur.“ Kom fram hjá matsmanni að þegar hann hefði fylgst með tengslum stefndu og barnsins í matsferlinu hefði komið í ljós að stefnda hefði „ekki verið komin langt á veg.“ Hún hefði verið fjarlæg í tengslum og virst lítið vera að færast í rétta átt hvað það varðaði. Nánar útskýrði matsmaður að ef vægari úrræðum yrði beitt myndu þau taka alllangan tíma og að hans mati væri spurning hvort það væri réttlætanlegt að veita stefndu þann frest þar sem sýnt væri að það væri töluvert langt í land. Á þeim tíma sem matið hefði staðið yfir hefði stefnda ekki tileinkað sér þá getu sem ásættanleg væri. Spurður hvort hann teldi öll stuðningsúrræði hafa verið reynd taldi hann að alltaf væri hægt að bæta einhverju við en ýmis úrræði hefðu verið reynd án árangurs. Þannig hefði ítrekað komið fram hjá fagaðilum sem fylgst hefðu með umgengni og lagt til hennar ráð að hún ætti erfitt með að tileinka sér þá leiðsögn og þau úrræði sem henni væri bent á. Þótt reyna hefði mátt tengslavinnu „til þrautar“ skildist matsmanni að stefnda hefði hafnað því úrræði. Miðað við þær forsendur sem hefðu blasað við honum í matsvinnunni taldi hann erfitt og vart forsvaranlegt að barnið færi aftur í umsjón stefndu. Í því sambandi tók matsmaður fram að stefnda væri viðkvæm fyrir streitu, glímdi við vaxandi kvíða, svefntruflanir og svefnleysi, sem hún reyndi að stemma stigu við með notkun svefn- og kvíðastillandi lyfja, en ásamt því væri saga um endurteknar komur á geðdeild. Allt væru þetta áhættuþættir og teldi hann að stefnda hefði ekki innsæi í veikindi sín. Þá virtist stefnda ekki heldur hafa innsæi í að mikið skorti á tengsl hennar og barnsins. Hún hefði ekki sýnt mikið frumkvæði í samskiptum, hefði flatan „contact“, væri sein til viðbragða, sein í tali, hugsun og samskiptum og birtist þetta einnig í samskiptum við barnið. Taldi matsmaður erfitt að sjá að önnur úrræði en forsjársvipting gætu tryggt öryggi og velferð barnsins.
- 20 Svo sem fram er komið naut stefnda fyrir tilstuðlan áfrýjanda mikils og þétt stuðnings um margra mánaða skeið. Þannig verður ekki fallist á með hinum áfrýjaða dómi að stefnda hafi aðeins að takmörkuðu leyti notið leiðsagnar, kennslu og þjálfunar sem þekkt eru í barnaverndarstarfi. Þvert á móti naut stefnda tilsjónar og eftirlits af hálfu vitnisins E, samfleytt átta klukkutíma í senn einu sinni í viku frá 8. janúar til 2. júlí 2025 auk almenns stuðnings og félagsráðgjafar á sama tíma og um fimm vikna skeið, 20. maí til 24. júní sama ár, var um að ræða umgengni í átta klukkustundir tvisvar í viku með tilsjón og tengslaeflandi þjálfun.
- 21 Skýrlega verður ráðið af gögnum málsins og framburði vitna að þrátt fyrir þetta tilsjón og ráðgjöf hefur stefnda ekki tekið þeim framförum sem vonast var til og að var stefnt. Við mat á því hvort frekari úrræði hafi staðið stefndu til boða verður ekki talið að stefnda hefði haft meiri stuðning af úrræði Ylfu ehf. en þeirri þéttu ráðgjöf, tilsjón og

eftirliti er hún naut af hálfu E, sem er bæði menntuð í félagsráðgjöf og PMTO-ráðgjöf. Skýrt kemur fram í gögnum málsins og framburði E fyrir Landsrétti sem og F og vitnisins I í héraði, sem mun vera teymisstjóri hjá áfrýjanda, að E sinnti ekki einvörðungu eftirliti með umgengni stefndu heldur einnig tilsjón, ráðgjöf og stuðningi einn dag í viku um sex mánaða skeið. Þá verður ráðið af gögnum málsins auk þess sem það kom fram í framburði F og I að eftir að tengslaeflandi vinna um fimm vikna skeið hafði ekki borið marktækan árangur hafi verið horfið frá því úrræði að vista stefndu með barni sínu á fósturheimili, þar sem ekki var talið, í ljósi reynslunnar, að það myndi nýtast stefndu eða vera í þágu hagsmuna barnsins.

- 22 Ekkert liggur fyrir um að staða stefndu sé önnur í dag en þegar áfrýjandi tók ákvörðun um að óska eftir að hún skyldi svipt forsjá. Er þar meðal annars að líta til þess að stefnda hafnaði því að skrifa undir áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga að gengnum hinum áfrýjaða dómi þar sem markmið áætlunarinnar var að veita henni stuðning og aðstoð við tengslamyndun auk þess að styðja við hana til að takast á við kvíða og álag með því að veita henni sálfræðimeðferð hjá spænskumælandi sálfræðingi. Þá kemur fram í vottorði Landspítala 9. febrúar 2026 sem lagt hefur verið fyrir Landsrétt að stefnda hafi ítrekað leitað á bráðamóttöku geðsviðs á tímabilinu 1. júní 2025 til 9. febrúar 2026 vegna svefnvanda og kvíða en að hún hafi hræðst töku lyfja sem lækna hafi viljað prófa við svefnvandanum vegna mögulegra aukaverkana og mótstöðu gegn geðrofslyfjum.
- 23 Þá er ekkert í gögnum málsins sem styður að vangeta stefndu til að taka leiðbeiningum og yfirfæra þær sé vegna tungumálaörðugleika eða sérstaks menningarmunar. Stefnda taldi sjálf á sínum tíma ekki þörf á túlki í umgengni hennar við barn sitt. Þá verður ráðið af gögnum málsins að samskiptin sem fóru fram á ensku við tilsjón í umgengni hafi verið einföld og lotið að umönnun og leiðbeiningum um tjáskipti við barn og bar E hér fyrir dómi að stefnda hafi skilið hana, þær hafi átt í góðum samskiptum og hafi stefnda borið traust til hennar. Þá var túlkur viðstaddur bæði við tengslamatið og við forsjáramatið. Matsmaður bar jafnframt í skýrslu sinni í héraði að spurningalistar sem hann lagði fyrir stefndu í tengslum við forsjáramatið hafi verið á [erlendu tungumáli] auk þess sem hann hafi aðeins lagt fyrir hana þá hluta greindarprófsins sem hlutlausir voru fyrir menningarlegum áhrifum, svo sem þætti er lutu að rökhugsun, sjónrænum rökum og ályktunarfærni.
- 24 Fyrir liggur að forsjárhæfni stefndu hefur verið metin verulega skert. Þá hefur umfangsmikill stuðningur við stefndu ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt, það er í öruggri og traustri tengslamyndun milli stefndu og barns. Færni stefndu til tengslamyndunar og að lesa í aðstæður og tilfinningar barns síns hefur ekki aukist þrátt fyrir umfangsmikla leiðsögn og tilsjón. Af gögnum málsins verður ráðið að stefnda gengst ekki við eða hefur innsæi í eigin veikleika og að mikið skorti á tengsl hennar og barnsins. Afneitun á vanda samfara vitsmunalegum takmörkunum stefndu dregur mjög úr líkum á því að þjálfun og meðferð geti borið árangur. Stefnda hefur

að mestu leyti aðeins komið að umönnun barnsins undir tilsjón og eftirliti. Barnið hefur myndað traust og örugg tengsl við fósturforeldra sína, sem það hefur verið hjá frá [...] vikna aldri. Af gögnum málsins verður á hinn bóginn ráðið að tengsl barnsins við stefndu eru óörugg, hafa ekki styrkst og þá hefur komið fram að barnið hafi sýnt aukinn mótþróa í nýlegri umgengni sem bendi til neikvæðrar þróunar í samskiptum mæðginanna.

- 25 Með vísan til alls þess sem að framan er rakið um stuðning og leiðbeiningar sem stefnda hefur notið og nær óbreytta stöðu stefndu þrátt fyrir þá vinnu, verður talið fullreynt að efla foreldrafærni hennar þannig að hún geti tekið við umsjón barnsins. Hagsmunir barnsins sem er rétt tæplega [...] ára, mæla eindregið gegn því að tengsl þess við sína nánustu, fósturforeldra sem sinnt hafa því frá [...] vikna aldri, verði rofin á viðkvæmu aldursskeiði til að snúa aftur til stefndu þegar með öllu er ólíklegt að frekari stuðningur myndi bæta forsjárhæfni hennar svo nokkru nemi. Er þess þá að gæta að við úrlausn kröfu um forsjársviptingu á grundvelli barnaverndarlaga þarf að vega saman hagsmuni barns annars vegar og foreldra hins vegar. Við mat þessara ólíku hagsmuna verður að játa stjórnvöldum ákveðið svigrúm og hafa hagsmuni barns ávallt í fyrirrúmi, sbr. 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 15. nóvember 2022 í málum nr. 25133/20 og 31856/20, A og fleiri gegn Íslandi, sbr. 84. lið dómsins.
- 26 Verður samkvæmt því ekki talið að önnur og vægari úrræði en forsjársvipting standi til boða í máli stefndu, sbr. 2. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga.
- 27 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað verða staðfest.
- 28 Áfrýjandi gerir ekki kröfu um málskostnað fyrir Landsrétti og dæmist hann ekki en um gjafsóknarkostnað stefndu fer eins og í dómsorði greinir.

### **Dómsorð:**

Stefnda, B, er svipt forsjá barns síns, C, kt. [...].

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað skulu vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmannna hennar, Guðbrands Jóhannessonar, 600.000 krónur og Kristjáns Gunnars Valdimarssonar, 800.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. mars 2026**

Mál þetta, sem var höfðað með réttarstefnu birtri 13. ágúst 2025, var dómtekið 12. febrúar 2026. Stefnandi er A, [...], vegna barnaverndarþjónustu A. Stefnda er B, kt. [...], [...], nú [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði svipt forsjá yfir barni sínu C, kt. [...], sbr. a-, c- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Jafnframt er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður hver sem úrslit málsins verða.

Stefnda krefst þess að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

#### I.

Málsatvik eru þau að stefnda, sem á uppruna sinn að rekja til [...], flutti til Íslands á árinu [...] en hún hafði búið áður á [...]. Stefnda fæddi drenginn C hinn [...]. Faðir drengsins er íslenskur en stefnda fer ein með forsjá drengsins. Stefnda á tvö eldri börn sem búa erlendis, annað þeirra í [...] með móðurömmu sinni en hitt í [...] með föður sínum. Stefndandi segir að börnin hafi verið tekin frá stefndu á [...] en hún mótmælir því.

Í gögnum málsins kemur fram að [...] ágúst 2024 barst stefnanda tilkynning frá Landspítala um að stefnda hefði komið í geðrofi með drenginn á bráðamóttöku í Fossvogi. Stefnda hafi verið með ranghugmyndir um að einhver væri að fara að drepa hana og drenginn. Hún hafi verið æst og reið og þurft að sprauta hana með aðstoð lögreglu.

Drengurinn var sama dag, [...] ágúst, neyðarvistaður samkvæmt 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Stefndandi kveður að eftir þrjú daga hafi verið ákveðið að sameina mæðginin á spítalanum og drengurinn verið skilinn þar eftir yfir nótt. Daginn eftir hefðu borist upplýsingar um að stefnda væri enn með miklar ranghugmyndir og því ekki verið talið tímabært að drengurinn færi í hennar umsjá. Því hafi verið farið með hann í tímabundna vistun á heimili. Á spítalanum hafi komið í ljós að stefnda væri mjög veik af ómeðhöndluðum geðsjúkdómi. Þar sem líðan hennar hafi ekki verið góð og ómögulegt að segja til um batahorfur hafi drengurinn verið vistaður áfram utan heimilis.

Fyrir liggur í gögnum málsins samþykki stefndu fyrir vistun drengsins í þrjú mánuði frá 26. ágúst til 26. nóvember 2024. Jafnframt var gerður samningur um umgengni, sbr. 74. gr. barnaverndarlaga, sem skyldi eiga sér stað á Landspítalanum þar sem stefnda dvaldi, einu sinni í viku í klukkutíma í senn þar til stefndandi mæti í samráði við starfsfólk Landspítala aðstaður þannig að auka ætti við umgengni.

Í bréfi móttökugeðdeildar Landspítalans 30. ágúst og 16. september 2024 kemur fram að sveiflur hafi verið á líðan stefndu það sem af væri innlögn á móttökugeðdeild. Komið hafi fram „eitrunarhugmyndir“ og mikil aðsóknarkennd. Þá hafi hún sofist stopult til að byrja með. Reynt hafi verið að sameina stefndu og drenginn eftir þrjú daga á deildinni en fljótlega hafi farið að bera á sérkennilegum hugmyndum hennar og hegðun með drenginn, t.d. um að hann væri ekki hennar eigin og að búið væri að sauma fyrir endaparm hans. Í kjölfarið hafi drengurinn verið fjarlægður frá stefndu. Hún hafi tekið inn geðrofslyf frá komu á deild og líðan farið batnandi en þó hægt um sinn. Hún hafi verið nauðungarvistuð í 21 dag og verið farið yrdi fram á framlengingu í allt að 12 mánuði. Í bréfinu koma einnig fram upplýsingar sem starfsfólk aflaði um stefndu frá fjölskyldu hennar og barnsföður. Þá segir í bréfinu að það liti út fyrir að stefnda væri með ómeðhöndlaðan geðsjúkdóm til margra ára og ljóst að meðferð myndi taka einhvern tíma og endurhæfingu til lengri tíma. Sjúkdómsgreining var ótilgreint óvefrænt geðrof (unspecified nonorganic psychosis) og sterkur grunur um undirliggjandi „paranoid schizophrenia“.

Í vottorði J sérfræðilæknis 24. september 2024 segir að stefnda hafi farið í geðrof eftir fæðingu drengsins og sýnt aðsóknarkennd og ranghugmyndir. Hún hafi verið sett á lyfjameðferð sem hún hafi svarað vel. Hún hafi ekki áður lagst inn á sjúkrahús eða fengið lyfjameðferð vegna geðrofs. Hún hafi verið flutt á deild [...] og verið róleg, kurteis og mjög dugleg að taka þátt í virkni á deildinni og engin geðrofseinkenni komið fram né greinilegar ranghugmyndir/aðsóknarkennd. Hún hafi fylgt ráðleggingum starfsfólks og verið tilbúin til að þiggja þjónustu áfram. Hún hafi hitt drenginn í þrjú skipti eftir flutning á milli deilda og hafi þessar heimsóknir gengið vel fyrir sig og hún sýnt viðeigandi hegðun gagnvart drengnum. Tekið var fram í vottorðinu að það væri afskaplega mikilvægt upp á tengslamyndun stefndu og drengsins að fá meiri tíma saman og veikindi hennar ekki verið talin fyrirstaða þess að auka samvistir.

Stefndandi kveður að á meðan stefnda lá á geðdeild Landspítala hafi hún hitt drenginn í umgengni einu sinni í viku, klukkutíma í senn undir eftirliti. Eftir útskrift af geðdeild, [...] október 2024 og viku síðar, hafi umgengni verið aukin í tvær klukkustundir í senn á heimili stefndu undir eftirliti. Frá því í janúar

2025 hafi umgengni verið átta klukkustundir í senn, einu sinni í viku. Samskipti stefndu við drenginn hafi verið langt frá því að vera eðlileg eða nægileg til að bregðast nógu vel við drengnum og þörfum hans. Hún hafi átt lítil samskipti við drenginn þegar hann hjalaði eða leitaði eftir samskiptum. Þá hafi verið áhyggjur af öryggi drengsins en stefnda hafi skilið hann einan eftir einan á sófabrún þar sem hann hefði auðveldlega getað dottið á meðan hún fór og sótti eitthvað. Umgengni hafi verið vélræn, svipbrigðalaus og stefnda átt erfitt með að greina þarfir drengsins. Þá hafi verið miklar áhyggjur af getu hennar til að tengjast honum og litlar framfarir orðið þrátt fyrir lengri umgengnistíma. Drengurinn sé einstaklega vær og þægilegur í umönnun en þrátt fyrir það sé úthald stefndu lítið.

Í áætlun sem stefnda undirritaði 26. nóvember 2024 um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga kemur fram að markmið áætlunar væri að vista drenginn í þrjá mánuði til viðbótar á fósturheimili. Á þeim tíma myndi umgengni aukast og stefndu yrði veittur lengri tími með drengnum með því markmiði að meta hæfni hennar betur. Lagt var til að umgengni færi fram á fósturheimili sem gæti tekið á móti bæði stefndu og drengnum, sinnt eftirliti og aðstoðað stefndu. Þannig væru meiri líkur á að hún næði að mynda tengsl við drenginn og meiri samfella myndast í umönnun.

Fyrir liggja í málinu skýrslur um eftirlit með umgengni stefndu við drenginn þar sem kemur m.a. fram að hún hafi sýnt drengnum lítil svipbrigði, hún hafi verið óörugg og virkað óviss með hvernig hún ætti að bregðast við drengnum og lesið illa í þarfir hans og líðan.

Einnig liggur fyrir í gögnum málsins læknisvottorð K, geðlæknis og [...], dags. 6. mars 2025. Þar kemur fram að stefnda hefði verið í lyfjameðferð og mætt í viðtöl. Mat læknisins væri að stefnda væri í bata frá veikindum sínum í sængurlegu, sem leiddu til innlagnar á geðdeild. Stefnt væri að því að hætta lyfjameðferð sem hefði verið notuð við geðrofseinkennum. Að lokum segir í vottorðinu að lækniinn hefði ekki nægar forsendur til að meta hæfi stefndu sem forsjáraðila barns.

Með úrskurði umdæmisráðs L 11. mars 2025 var ákveðið að drengurinn skyldi vistaður á heimili á vegum stefnanda í fjóra mánuði, sbr. b-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í úrskurðinum kemur m.a. fram að við eftirlit með umgengni hefðu vaknað áhyggjur af færni stefndu til að mæta þörfum drengsins og getu hennar til tengslamyndunar. Óvíst væri hvort stefnda ætti við langvarandi geðrofssjúkdóm (aðsóknargeðklofa) að stríða eða hefði farið í tímabundið geðrof í kjölfar fæðingar. Að mati geðlæknis hjá geðheilsuteymi HSS væru geðrofseinkenni ekki lengur til staðar og unnið að því að minnka og hætta lyfjameðferð við slíkum einkennum. Umdæmisráð teldi að stefnda þyrfti áfram stuðning vegna veikinda sinna og félagslegra aðstæðna. Einnig var tekið fram í úrskurðinum að óvissa ríkti um geðgreiningu stefndu, batahorfur og áhrif veikinda á forsjárhæfni hennar til lengri tíma. Mikilvægt væri að á vistunartíma fengi stefnda tíma og stuðning til að ná frekari bata af veikindum og aðstoð við tengslamyndum barns. Auk þess myndi gefast færi til frekari könnunar á forsjárhæfni stefndu og þörf á stuðningsúrræðum til handa drengnum og stefndu.

Gerð var áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga, dags. 17. mars 2025. Markmið áætlunar var að veita stefndu stuðning og aðstoða hana með tengslamyndun með viðeigandi úrræðum, en sótt var um tengslamat með F, félagsráðgjafa og fjölskyldufræðingi, sem hefði stundað nám í tengslafræðum. Að loknu tengslamati myndi F setja upp tengslameðferð. Áætlunina skyldi taka til endurskoðunar 13. júlí 2025. Einnig var gerður samningur um umgengni, sbr. 74. gr. barnaverndarlaga, sem gildi frá 13. mars til 13. maí. Umgengi skyldi vera einu sinni í viku í átta klukkutíma í senn.

Sótt var um tengslamat fyrir stefndu og drenginn sem téð F framkvæmdi. Tengslamat hófst um miðjan mars 2025 með viðtölum við stefndu og í framhaldi af því tengslameðferð. Umgengni stefndu við drenginn var aukin í tvisvar í viku frá klukkan 9-17.

Í niðurstöðu tengslamats, dags. 21. apríl 2025, kemur fram að tengslahegðun drengsins við stefndu hefði verið mjög lágstemmd og hann sýnt einkenni depurðar með henni. Jafnframt teldist tengslahegðun stefndu til depurðar. Samkvæmt skimun á Infant Care Index (ICI) mati skori drengurinn og stefnda aðeins eitt stig af 14 mögulegum vegna andlegrar vanlíðunar stefndu og vanvirgni hennar sem felist í því að hún sé ófær um að sýna drengnum tilfinningalega nánd. Stefnda leggi ríka áherslu að sinna praktískum þörfum drengsins en þegar komi að tengslaþörfum hans skorti hjá henni innsýn. Stefnda leggi áherslu á að hún þarfnist drengsins fyrir sig og því sé um hlutverkasnúning að ræða, þar sem þarfir

drengsins víki fyrir þörfum stefndu. Lagðar voru fram tillögur að stuðningi við stefndu og drenginn. Í fyrsta lagi að stefnda sækti stuðning hjá geðheilsuteymi vegna andlegra veikinda. Í öðru lagi að stefnda og drengurinn yrðu fósturvistuð saman til lengri tíma þar sem stefnda fengi þjálfun í foreldrafærni, auk þess sem öryggi drengsins yrði tryggt. Í þriðja lagi að stefnda og drengurinn myndu sækja tengslaeflandi meðferð vikulega með því að aðstoða stefndu við að lesa í tengslaþarfir drengsins og m.a. sækja ungbarnasund saman.

Á meðferðarfundum stefnanda 2. maí 2025 var samþykkt tillaga um að stefnda og drengurinn myndu vera saman í fóstri á heimili þar sem stefnda fengi stuðning. Var málstjóra falið að fylgja eftir ábendingu um aðila og kanna hvort viðkomandi gæti tekið verkefnið að sér. Einnig var lagt til að stefnda fengi stuðning frá heilbrigðiskerfinu, geðheilsuteymi, til að takast á við andleg veikindi.

Í samantekt vegna tengslaeflandi meðferðar, dags. 28. júní 2025, kemur fram að meðferð hafi hafist 20. maí 2025 og stefnda mætt í fimm skipti hjá tengslamatsaðila auk þess sem umgengni stefndu hafi verið undir eftirliti starfsmanna M. Stefnda hafi sem fyrr lagt ríka áherslu á að sinna praktískum þörfum drengsins, gefa honum að borða og skipta á honum. Þá hafi hún skapað erfiðar upplifanir fyrir drenginn, m.a. hafi mat verið þvingað ofan í hann þrátt fyrir að hann hafi gefið skýr merki um að vilja ekki meira. Verulega hafi skort á að stefnda gæti lesið í merki og tjáningu drengsins. Hún hafi tekið þarfir sínar fram yfir þarfir hans, líkt og þegar hún krefji hann um nánd þegar hann sýni algjöra forðun, andmæli harðlega með gráti og berjist um í fangi hennar. Þá segir einnig í samantektinni að stefnda hafi aldrei komið ein að uppeldi eldri barna sinna og komið foreldraábyrgðinni yfir á aðra. Drengurinn hafi sýnt óörugga og bælda tengslahegðun í kringum stefndu. Það hefði orðið framför hjá stefndu í tengslaeflandi meðferð þar sem andleg líðan hennar hafi orðið betri. Hún hafi hins vegar átt erfitt með að setja sig í spor drengsins og lesið illa í hegðun hans. Þá taldi tengslamatsaðili að öryggi drengsins væri ekki tryggt nema undir eftirliti og nefndi í því sambandi að drengurinn hafi verið að leika sér með langt prik sem stefnda hafi ekki séð ástæða til að bregðast við. Umgengni drengsins við stefndu væri nú þegar rúm en áhyggjur væru af því hvort sú umgengni væri of mikil og of löng. Án eftirlits taldi tengslamatsaðili drenginn vera í óöruggum aðstæðum auk þess sem sálfélagslegum þroska hans gæti verið stefnt í hættu. Tengslamatsaðili velti því fyrir sér hvort stefnda væri fær um að auka tilfinningalegt innsæi sitt með drenginn í huga og hvort einhver skerðing ylli því að hún væri ekki fær um það.

Stefnandi segir að frá því að drengurinn var vistaður utan heimilis hafi ekki orðið miklar framfarir hjá stefndu. Hún hafi þó verið líflegri en áður en það hafi ekki endilega skilað sér til drengsins. Hún þarfnist enn mikillar leiðsagnar og eigi erfitt með að taka sjálfstæðar ákvarðanir, til dæmis þegar komi að matargjöfum drengsins. Þá eigi hún erfitt með að lesa í þarfir hans og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Með aukinni umgengni hafi verið leitast við að kanna úthald og hæfni stefndu nánar ásamt því að gefa þeim meiri tíma saman til að vinna að tengslum. Umgengni við drenginn hafi gengið misjafnlega vel og í síðustu skýrslu vegna eftirlits með umgengni, frá 23. júní 2025, sé m.a. skráð að stefndu hafi skort innsýn í þarfir drengsins.

Með úrskurði umdæmisráðs L 9. júlí 2025 var stefnanda veitt heimild til að gera kröfu fyrir héraðsdómi um að stefnda yrði svipt forsjá sonar síns.

Þá var með úrskurði umdæmisráðs 1. september 2025 ákveðin umgengni stefndu við drenginn aðra hverja viku í tvo klukkutíma í senn, undir eftirliti. Með úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála [...] var téður úrskurður um umgengni staðfestur.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnda skýrslu. Einnig komu fyrir dóm vitnin D sálfræðingur, F félagsráðgjafi, I, starfsmaður stefnanda, og N, [fjölskyldumeðlimur] stefndu. Verður vísað til framburðar þeirra síðar, eftir því sem ástæða er til.

## II.

Stefnandi byggir á því að það þjóni best hagsmunum drengsins að svipta stefndu forsjá hans. Það teljist til frumréttinda barna að búa við stöðugleika í uppvexti og við þroskavænleg skilyrði. Að mati stefnanda hafi það sýnt sig, svo ekki verði um villst, að stefnda geti ekki búið drengnum þau uppeldisskilyrði sem hann eigi rétt á.

Fyrir liggir að drengurinn hafi fyrst verið neyðarvistaður skömmu eftir fæðingu vegna alvarlegra geðrænna veikinda stefndu. Af bréfi Landspítala, dags. 15. september 2024, megi ráða að um ómeðhöndlaðan geðsjúkdóm sé að ræða til margra ára og því sé ljóst að meðferð og endurhæfing muni taka tíma. Drengurinn hafi verið vistaður samfelld utan heimilis stefndu frá þeim tíma.

Á vistunartíma drengsins hafi reynt á færni stefndu til að annast hann með rúmri umgengni undir eftirliti og leiðsögn fagfólks. Í umsögn eftirlitsaðila greini frá erfiðleikum stefndu við að lesa í þarfir drengsins og tryggja öryggi hans. Greint sé frá fjölmörgum dæmum um að stefnda treysti á stuðning annarra við að mæta þörfum drengsins, hún eigi til að forgangsraða eigin þörfum ofar honum og nýti sér ekki leiðsögn. Niðurstöður ítarlegs tengslamats gefi niðurstöður um óörugga og bælda tengslahegðun drengsins í kringum stefndu og að hann fengi ekki rými fyrir tilfinningalega tjáningu. Öryggi hans sé ekki talið tryggt í umsjá stefndu og rúm umgengni þjóni ekki hagsmunum hans. Án eftirlits sé umgengni líkleg til að stefna sálfélagslegum þroska hans í hættu. Tengslameðferð hafi ekki skilað ásættanlegum árangri og hafi matsaðili efasemdir um getu stefndu til að auka innsæi sitt og færni til að annast drenginn óstudd.

Stefnandi telur einsýnt að grípa þurfi inn í þær alvarlegu og hættulegu aðstæður sem drengurinn hafi verið í. Augljóst sé að stefnda eigi við mikinn og alvarlegan vanda að stríða sem bitni harkalega á drengnum. Líkt og málsatvik beri með sér sé líkamlegri og andlegri heilsu drengsins beinlínis hætta búin fari hann aftur til stefndu. Í ljósi alvarleika og umfangs þess vanda sem stefnda glími við sé það skýlaust réttur drengsins og jafnframt skylda barnaverndaryfirvalda að veita honum nauðsynlega aðstoð, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 2. gr. barnaverndarlaga.

Stefnandi telur fullljóst af gögnum málsins að leitast hafi verið við að beita eins vægum úrræðum gagnvart stefndu og unnt var hverju sinni. Þannig hafi fjölbreytt stuðningsúrræði verið veitt og drengurinn verið vistaður utan heimilis á meðan á rannsókn málsins hefur staðið. Að mati stefnanda sé alveg ljóst að við meðferð málsins hafi verið kappkostað að gæta meðalhófs og öll úrræði tæmd áður en sú viðurhlutamikla ákvörðun var tekin að höfða þetta mál.

Stefnandi telur enn fremur að önnur barnaverndarúrræði en forsjársvipting séu ekki tiltæk, enda brýn nauðsyn á því að skapa drengnum öryggi og uppeldi sem hann fái ekki hjá stefndu. Það sé því mat stefnanda að stuðningsúrræði á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 séu fullreynd og dugi ekki til að tryggja drengnum þroskavænleg uppeldisskilyrði til frambúðar.

Á því er byggt af hálfu stefnanda að rannsóknar-, andmæla- og meðalhófsreglna hafi verið gætt í hvívetna við meðferð málsins og ekki verið gripið til viðurhlutameiri úrræða en nauðsyn krafði. Nú sé svo komið að vægari úrræði en forsjársvipting dugi ekki til og því nauðsynlegt að stefnda verði svipt forsjá yfir drengnum. Krafa stefnanda um forsjársviptingu sé reist á a-, c- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Stefnandi telur að daglegri umönnun, uppeldi og samskiptum stefndu við drenginn sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri hans og þroska. Þá sé fullvíst að líkamlegri og andlegri heilsu drengsins og þroska sé hætta búin sökum þess að stefnda sé augljóslega vanhæf til að fara með forsjána, líkt og gögn málsins beri með sér.

Með vísan til alls framangreinds er það mat stefnanda að stefnda sé ekki fær um að rækja forsjár- og uppeldisskyldur sínar gagnvart drengnum vegna persónulegra vandkvæða sinna. Augljóst sé að hún geti ekki talist hæfur uppalandi. Hún sé því vanhæf til að fara með forsjá drengsins, enda geti hún ekki búið honum það heimili sem hann þarfnist og eigi skýlausan rétt til.

Í ákvörðun stefnanda um að svipta stefndu forsjá yfir drengnum felist jafnframt ályktun um hvar hagsmunum og velferð hans sé best borgið. Stefnandi telur að það þjóni best hagsmunum drengsins að svipta stefndu forsjá hans. Drengurinn sé í brýnni þörf fyrir stöðugleika þannig að persónueiginleikar hans og þroski fái að njóta sín. Með hagsmuni drengsins að leiðarljósi sé það mat stefnanda að mikilvægt sé að stefnda verði svipt forsjá yfir drengnum.

Stefnandi kveður að forsjárréttur foreldra takmarkist af þeim mannréttindum barna að njóta forsvaranlegra uppeldisskilyrða. Þegar hagsmunir barns og foreldra vegist á séu hagsmunir barnsins og hvað því sé fyrir bestu þyngri á vogarskálunum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskum barnarétti og komi einnig fram í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland sé aðili að. Hinu opinbera sé og skylt að veita börnum vernd svo sem fyrir er mælt um í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, barnaverndarlögum

nr. 80/2002 og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Þá eigi reglan sér stoð í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur sé með lögum nr. 62/1994, og í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Með hliðsjón af öllu framanröktu telji stefnandi að hagsmunum drengsins til frambúðar sé best borgið með því að stefnda verði svipt forsjá hans.

### III.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því að sönnunarbyrði fyrir því að hún hafi ekki forsjárhæfni í skilningi a-liðar 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og hvort atvik séu með þeim hætti sem lýst sé í c- og d-lið sama ákvæðis, sé í höndum stefnanda. Þá sönnunarbyrði hafi stefnandi ekki axlað og leiði það eitt og sér til sýknu í málinu. Stefnda telur ljóst að einhliða öfluð gögn um tengslamat í málinu hafi enga þýðingu. Jafnframt sé ljóst og byggt á því að ákvæði 2. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga standi forsjárviptingu í vegi, enda margvísleg vægari úrræði tiltæk sem hafi ekki einu sinni verið reynd.

Stefnda telur að skilyrði 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga til forsjárviptingar séu ekki uppfyllt. Í a-lið 1. mgr. 29. gr. sé tilgreint að stefnandi geti krafist forsjárviptingar fyrir dómi í þeim tilfellum þegar daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé verulega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska. Stefnda telur að sú málsástæða sé verulega vanreifuð og auk þess ósönnuð. Þá hafi stefnandi með engu móti fullnægt lagaáskilnaði rannsóknarreglunnar, sbr. 41. gr. barnaverndarlaga, sbr. 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 hvað það efni varðar. Þá hafi stefnandi sömuleiðis ekki aflað forsjárhæfnismats, áður en málið var höfðað, þar sem forsjárhæfni stefndu og hæfileikar hennar til daglegrar umönnunar yrðu kannaðir til hlítar. Stefndi hafi því hvorki rannsakað málið í samræmi við lagaáskilnað né sinnt sönnunarbyrði sinni og verði hann að bera hallann af því.

Þá verði það að teljast sérkennilegt að stefnandi sé að byggja málatilbúnað sinn m.a. á a-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga, enda hafi stefnandi tekið drenginn úr umsjá stefndu þegar hann var einungis [...] vikna gamall og hafi hann verið vistaður utan heimilis alla daga síðan, þrátt fyrir fullan bata stefndu. Stefndi hafi því séð um daglega umönnun drengsins alla tíð og uppeldi og hafi engar forsendur til að efast um hæfni hennar til daglegrar umönnunar og uppeldis drengsins. Þau takmörkuðu samskipti sem hafi átt sér stað hafi gengið vel. Stefnda telur ljóst að ekki sé unnt að svipta hana forsjá á grundvelli a-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga, að teknu tilliti til framangreindra annmarka, sönnunarskorts og vanreifunar.

Þá þurfi ekki að vekja furðu að tengsl drengsins við fósturfeður og fjölskyldu þeirra sé sterkari en við stefndu, enda njóti þeir umgengni og umönnunar hans, dag og nótt, í samanburði við takmarkaða umgengni stefndu og hafi því eðli máli samkvæmt myndað sterkari tengsl við drenginn en stefndu.

Stefnda byggir einnig á því að í stefnu sé vísað til c-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga þar sem mælt sé fyrir um að svipta megi forsjá ef barni sé misþyrmt, því misboðið kynferðislega eða það hafi sætt alvarlegri andlegri eða líkamlegri áreitni eða niðurlægingu á heimili, en ekki sé að finna frekari rökstuðning fyrir tilvísun í þann staflíð. Það sé ljóst að engin atvik í gögnum málsins sé unnt að heimfæra undir þennan staflíð. Tilvísun til c-liðar 1. mgr. 29. gr. sé því beinlínis röng og hljóti að hafa verið mistök. Hvað sem því líði byggir stefnda á því að sú málsástæða sé vanreifuð og ósönnuð með öllu.

Þá bendir stefnda á að samkvæmt d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga sé það skilyrði að „fullvíst“ sé að líkamlegri eða andlegri heilsu barns sé hætta búin sökum þess að foreldrar séu augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána. Af ákvæðinu sé ljóst að sönnunarkröfur séu mjög strangar og réttast væri að afla forsjárhæfnismats hvað þetta ákvæði varði í ljósi sönnunarkrafna. Þess hafi ekki verið aflað og því sé ósannað að „fullvíst“ sé að stefnda sé „augljóslega vanhæf“ til að fara með forsjá drengsins. Einnig sé ósannað að heilsu hans sé hætt komið í hennar umsjá. Stefnda hafi aldrei verið með drenginn í daglegri umönnun og komi það því spánskt fyrir sjónir að stefnandi telji það fullvíst að drengurinn sé hætt kominn hjá henni, þegar aldrei hafi verið látið á forsjárhæfni hennar reyna til lengri tíma.

Stefnda byggir á því að það tímabundna ástand sem leiddi til nauðungarvistunar (sic) drengsins í öndverðu sé nú löngu liðið og að hún sé fullfær um að fara með forsjá hans. Stefndi hafi sem fyrr greinir ekki aflað forsjárhæfnismats og ljóst sé að núverandi gögn hafi takmarkað sönnunargildi og geti ein og sér ekki leitt til forsjárviptingar. Stefnda hafni alfarið þeim fullyrðingum sem fram komi í stefnu um að hún hafi glímt við ómeðhöndlaðan geðsjúkdóm til margra ára, enda séu þær rangar, ósannaðar og einungis byggðar á óstaðfestum frásögnum ótilgreindra fjölskyldumeðlima. Hið rétta sé að stefnda hafi orðið fyrir

geðrofsástandi í kjölfar barnsburðar (e. postpartum psychosis), sem sé vel þekktur geðkvilli og talið sé að hrjái um eina til tvær af hverjum þúsund mæðrum. Meðal þekktra orsaka slíks ástands sé svefnleysi sem algengt sé í kjölfar fæðingar og umönnunar ungabarns.

Í skýrslum eftirlitsaðila komi fram að samskipti stefndu við drenginn séu að mati eftirlitsaðila óeðlileg og í því samhengi m.a. margítrekað að hún svari ekki hjali hans í sömu mynt. Hvað varðar tengslamat þá komi fram í niðurstöðum þess að stefnda beri þess merki að glíma við depurð, bælda tengslahegðun og óunnin áföll. Sökum þess eigi hún erfitt með að vera tilfinningalega til staðar fyrir drenginn. Hins vegar segi í niðurstöðum tengslaviðtals að stefnda leggi ríka áherslu á að sinna praktískum þörfum drengsins, m.a. matargjöfum, svefni og að skipta á honum. Raunar sé einvörðungu byggt á því að stefndu skorti tilfinningalega hæfni til að fara með forsjá hans sökum depurðar og áfallasögu. Alla þessa kvillar, séu þeir raunverulegir, sé hægt að meðhöndla, hvort tveggja með lyfjameðferð eða aðstoð sérfræðinga, t.d. sálfræðinga eða geðlækna. Af einhverri óútskýrðri ástæðu hafi stefnandi hvorki veitt stefndu nokkra aðstoð né boðið henni ráðgjöf eða önnur vægari úrræði til að vinna bug á meintri depurð hennar eða til að vinna úr þeim áföllum sem hún hafi orðið fyrir. Stefnda byggji á því að tilvist slíkra kvilla réttlæti á engan hátt sviptingu forsjár, enda sé um að ræða eitt af þyngstu og mest íþyngjandi úrræðum barnaverndarlaga. Slík ráðstöfun feli í sér verulega íhlutun í líf bæði barns og foreldris og gangi gegn meginreglum barnaverndarlaga nr. 80/2002 og ekki síður stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Stefnda segir óumdeilt að aðgerða barnaverndar hafi verið þörf í öndverðu. Hins vegar hafi stefnda náð fullum bata með aðstoð lækna og lyfjameðferðar, sem hafi unnið bug á hinu tímabundna geðástandi hennar. Nærtækast væri að byggja stefndu upp og auka umgengni jafnt og þétt og styrkja tengsl milli móður og barns. Það hafi stefnandi hins vegar aldrei samþykkt þrátt fyrir óskir stefndu. Fyrirliggjandi gögn sýni að hún hafi svarað lyfjameðferð vel og tekið góðum bata á tiltölulega skömmum tíma. Þá sé hún komin í fullt starf og gangi henni vel þar og ekkert í gögnum málsins sem sanni að svo eigi ekki sömuleiðis við heima við.

Stefnda kveður að krafa stefnanda um að hún verði svipt forsjá virðist byggjast einvörðungu á að hún sé ófullkomin í foreldrishlutverki, glími við depurð og þarfnist aðstoðar við uppeldi og umönnun drengsins. Sú niðurstaða brjóti freklega gegn grundvallarreglum 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, meðalhófsreglu barnaverndarlaga og stjórnarsýslulaga, en ekki síst meginmarkmiði barnaverndarlaga, þ.e. að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu, sbr. síðari málslið 1. mgr. 2. gr. laganna. Stefnandi hafi aldrei sinni þeirri frumskyldu laganna að styrkja hana sem uppalanda. Þvert á móti hafi aðgerðir stefnanda leitt til tengslarofs milli mæðgnanna. Verulega gagnrýniverð sé sú takmarkaða umgengni sem hún hafi fengið við vinnslu málsins, en hún hafi aldrei fengið drenginn til lengri tíma en 1-2 daga í viku í skamma hríð í hvert sinn. Fyrsta úrræðið til styrkingar stefndu sem uppalanda hafi komið eftir marga mánaða málavinnslu eftir tilmæli umdæmisráðs. Sú styrking hafi falist í tengslaeflandi meðferð. Að mati stefnanda hafi sú eina meðferð, sem tók minna en mánuð, ekki skilað tilætluðum árangri og hafi stefnandi greinilega lagt árar í bát eins og endurspeglit með stefnu málsins. Með því hafi stefnandi lagt frumskyldu sína samkvæmt síðari málslið 2. gr. barnaverndarlaga á hilluna og krafist forsjárviptingar án þess að hafa tæmt vægari úrræði áður í samræmi við lagaáskilnað, sbr. 2. mgr. 29. gr. og 7. mgr. 4. gr. laganna.

Stefnda telur að stefnandi hafi ekki tæmt þau vægari og meira viðeigandi úrræði sem honum séu tiltæk, heldur einungis gripið til almennrar umgengni undir eftirliti og látið framkvæma tengslamat. Slík úrræði verði að mati stefndu ekki talin fullnægjandi til að réttlæta þá ályktun að hún sé ófær um að fara með forsjá drengsins eða að líkamlegri eða andlegri heilsu hans sé hættu búin. Þá verði hvorki fallist á að þessi úrræði teljist til „fjölbreyttra stuðningsúrræða“, eins og haldið sé fram í stefnu. Stefnandi hafi ekki einu sinni gripið til allra þeirra úrræða sem tengslamatsaðili hafi lagt til, að stefnda og drengurinn yrðu fósturvistuoð saman til lengri tíma samhliða foreldrafærniþjálfun. Óumdeilt sé að slíkt hafi ekki verið framkvæmt eða lagt til af hálfu stefnanda. Nærtækast hefði verið að sú tillaga hefði verið tæmd áður en farið var fram á forsjárviptingu og sé það verulega gagnrýniverð og endurspegli hvað best að vægari úrræði hafi ekki verið fullreynd.

Því til viðbótar hafi vægari lagaheimildir ekki verið tæmdar, sbr. 28. gr., en stefnanda hefði verið í lófa lagið að fara fram á það við umdæmisráð að stefnanda yrði fyrst veitt heimild til þess að krefjast fyrir dómi áframhaldandi vistunar drengsins utan heimilis, til alls að 12 mánaða í senn, sbr. heimild í 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, áður en farið væri fram á forsjásviptingu samkvæmt 29. gr. Af einhverri óútskýrðri ástæðu hafi ekki verið gripið til þeirrar kröfugerðar og það eitt og sér eigi að leiða til sýknu. Stefnda vísar í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 382/2007 og dóms Landsréttar í máli nr. 635/2018.

Stefnda kveður að í barnarétti sé sú meginregla, bæði að íslenskum lögum sem og í alþjóðasamningum, að ávallt skuli fremst setja hagsmuni barnsins. Skuli það sjónarmið ávallt hafa mest vægi við ákvarðanir stjórnvalda og dómstóla sem varða börn. Stefnda byggir á því að meta verði hagsmuni drengsins í víðara samhengi í fyrirbyggjandi máli. Það teljist til grundvallarréttinda barna að fá að alast upp með foreldrum sínum og lúta forsjá þeirra. Stefnda telji sig geta veitt drengnum stöðugleika og þroskavænleg skilyrði í uppveitinum og sé reiðubúin til að þiggja alla þá aðstoð og leiðsögn sem þjóðist. Þá beri barnaverndaryfirvöldum jafnframt að styðja foreldra eftir fremsta megni í uppeldishlutverki sínu og leita allra leiða áður en gripið er til svo íþyngjandi úrræða sem forsjásvipting er. Loks skuli það áréttað að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi margítrekað að grundvallarþáttur fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sé gagnkvæmur réttur foreldra og barna til að verja saman tíma á heimili sínu. Engum vafa sé undiropið að forsjásvipting skerði þennan mikilsverða rétt til friðhelgi fjölskyldulífs og beri yfirvöldum að stíga varlega til jarðar þegar beita eigi þröngum undantekningarheimildum. Í þessu sambandi vísi stefnda til þess að í greinargerð með frumvarpi er varð að barnaverndarlögum sé tekið fram að barnaverndaryfirvöldum sé ekki falið það verkefni að stuðla að því að öll börn búi við bestu mögulegu aðstæður. Þeim sé fyrst og fremst falið að gæta þess að aðstæður einstakra barna séu viðunandi. Stefnda ítreki að aðstæður barnsins í hennar umsjá, að loknu aðlögunarferli, verði gott betur en viðunandi.

Stefnda telur að verði fallist á kröfu stefnanda brjóti það freklega gegn 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár, sbr. 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en tilvísuðum ákvæðum sé ætlað að vernda rétt fjölskyldu til að búa saman á heimili, þ.m.t. rétt foreldra til að fara með forsjá og annast uppeldi barna sinna án utanaðkomandi afskipta frá stjórnvöldum. Einungis sé heimilt að skerða þann rétt með sérstakri lagaheimild ef brýn nauðsyn krefji, en slíkar heimildir séu lögfestar í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Við túlkun á ákvæðum barnaverndarlaga verði að hafa hliðsjón af því að þau feli í sér frávik frá meginreglu 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Leiði af því að aðstæður í hverju tilviki þurfi að bera skýrt með sér að þarfir barns kalli á inngrip stjórnvalda. Því meira íþyngjandi sem inngripið sé hverju sinni því meiri kröfur verði gerðar um að sýnt sé fram á nauðsyn þess. Stefndandi hafi ekki sýnt fram á þessa nauðsyn, hvorki með framlögðum gögnum né forsjármati.

Stefnda segir einnig að frá upphafi þeirrar atburðarásar er leiddi til neyðarvistunar drengsins hafi hún sýnt fulla samvinnu við barnaverndaryfirvöld. Hún hafi samþykkt fyrirbyggjandi meðferðaráætlanir, þrátt fyrir að þær hafi verið rýrar að því er varðaði hvernig stefndandi hygðist styðja stefndu í sínu hlutverki. Þá hafi stefnda jafnframt lagt fram tillögur um önnur tiltæk vægari úrræði, þar á meðal að drengurinn yrði áfram vistaður utan heimilis á meðan aðlögun að því að hann færðist smám saman aftur í umsjá hennar færi fram. Hún hafi lagt sig fram um að bæta félagslegar aðstæður sínar og hafi í því skyni hafið aftur þátttöku á vinnumarkaði og hlotið starf hjá O. Þá hafi hún flutt í íbúð í [...] og sótt um þjónustu hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Jafnframt hafi hún gert allt í sínu valdi til að viðhalda og styrkja tengsl sín við drenginn með því að krefjast aukinnar umgengni við hann frá því að síðasti úrskurður umdæmisráðs var kveðinn upp. Stefnda hafi í hvívetna þegið þá aðstoð við uppeldi og umönnun sem henni hafi boðist. Þá glími hún ekki við neinn vímuefnavanda, né aðra kvilla sem skerði forsjárhæfni hennar.

Um lagarök vísar stefnda til barnaverndarlaga nr. 80/2002, einkum 1. mgr. 2. gr., 4. gr., 2. mgr. 29. gr. og 41. gr. Þá er vísað til 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, sem og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Einnig er vísað til 10. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Krafa stefndu um málskostnað styðst við 129. gr og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 53. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Stefnda hafi gjafsókn fyrir héraðsdómi, sbr. 1. mgr.

60. gr. barnaverndarlaga. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggi á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnda sé ekki virðisaukaskattsskyld og sé henni því nauðsyn að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnanda.

#### IV.

Í þinghaldi 10. september 2025 var dómkvaddur matsmaður, D sálfræðingur, til að leggja mat á forsjárhæfni stefndu. Í matsgerð hans, dags. 5. janúar 2026, er bakgrunnur stefndu ítarlega rakinn. Þar kemur m.a. fram að stefnda hafi að miklu leyti alist upp [...] en flutt til Íslands í [...] og starfað við [...]. Skömmu síðar hafi hún kynnst barnsföður sínum, en þau hafi verið saman í um hálf t.ár. Hún hafi fljótlega orðið ófrísk og barnsfaðir hennar verið afhuga því að hún ætti drenginn og þau því slitið samvistum. Þá kemur fram í matsgerð að forsaga stefndu einkennist af tíðum flutningum á uppvaxtarárum og áföllum í stóru og flóknu fjölskylduumhverfi. Hún eigi tvö uppkomin börn með tveimur barnsfeðrum. Hún eigi [...] ára [gamalt barn] sem búi í [...] hjá móðurömmu sinni. Þegar [barnið] var [...] ára hafi stefnda flutt til [...] og [barnið] orðið eftir hjá móður hennar. Síðan hafi stefnda eignast [barn] en [það] sé [...] árs. Stefnda hafi slitið sambandi við seinni barnsföður þegar [barnið] var [...] ára. Á þeim tíma hafi stefnda búið hjá [fjölskyldumeðlimi sínum] [...] og [barnið] ýmist verið hjá henni eða föður sínum. Frá árinu [...] hafi [barn] stefndu búið hjá föður sínum í [...].

Í matsgerð er greint frá innlögn stefndu [...] ágúst 2024 vegna geðrofseinkenna og rakinn gögn frá geðdeild, vistun drengsins, umgengni undir eftirliti og tengslamat. Þá átti matsmaður viðtöl við stefndu og fór í heimsóknir á heimili hennar. Jafnframt átti hann viðtöl við E, eftirlitsaðila barnaverndar, föður drengsins, fósturföður drengsins, yfirmann stefndu og matsmaður átti símtal við [barn] stefndu sem er búsett í [...].

Enn fremur lagði matsmaður fyrir stefndu sálfræðileg próf, WAIS-III greindarpróf Wechsler fyrir fullorðna (bresk viðmið), MINI 5 geðgreiningarviðtal, sjálfsmatslistana SCL-90-R (Symptom Checklist 90-R), Patient health questionnaire (PHQ-9), Generalized anxiety disorder – 7 (GAD-7) og Standardized assessment of personality – abbreviated scale (SAPAS). Einnig var lagt fyrir stefndu persónuleikapróf, BPI (Basic personality inventory) og matslistinn PCRI varðandi mat stefndu á tengslum við drenginn. Jafnframt aflaði matsmaður gagna frá geðdeild Landspítala frá tímabilinu 1. júní til 15. desember 2025.

Í samantekt og áliti matsmanns segir að stefnda búi hjá [fjölskyldumeðlimi sínum] og starfi hjá [...] en starfsgeta hennar hafi eitthvað dalað frá vori 2025. Hún hafi haldið reglu á daglegri rútínu, mætt yfirleitt til vinnu og njóti þess að vera virk. Á sama tíma liggja fyrir að hún hafi ítrekað á síðustu mánuðum leitað á bráðamóttöku vegna svefnvanda og kvíða en meðferðarhaldni gagnvart lyfjum hafi verið óstöðug. Framangreint bendi til þess að hún búi yfir ákveðnum styrkleikum en samhliða séu skýr merki um viðkvæma stöðu hennar þar sem starfsgeta virðist sveiflukennnd undir álagi og andleg líðan óstöðug sem hafi þýðingu við mat á getu hennar til að takast á við aukið ábyrgðarhlutverk og álag við umönnun drengsins, ef til þess kæmi.

Á sama tíma liggja fyrir umfangsmikil geðsaga síðustu 18 mánuði þar sem stefnda hafi fengið alvarlegt geðrof í kjölfar fæðingar drengsins. Nýleg gögn frá móttökugeðdeild Landspítala frá desember 2025 lýsi viðvarandi svefnvanda og kvíðaeinkennum, endurteknum komum á bráðamóttöku og óstöðugri meðferðarhaldni, sem séu alvarlegir áhættuþættir í ljósi fyrri geðrofssögu.

Þá segir í matsgerð að þegar fylgst hafi verið með umgengni hafi komið í ljós að stefnda sé tilfinningalega mikilvæg í tengslum við drenginn en daglegt öryggi og rútína sé bundin við tengsl við fósturföður þar sem drengurinn leiti strax til þeirra eftir aðskilnað.

Hvað varðar forsjárhæfni stefndu, m.a. með tilliti til persónuleikaprófs, segir í matsgerð að samkvæmt niðurstöðum greindarprófs bendi hugræn geta hennar til þess að vitsmunaleg færni hennar sé undir meðallagi með áberandi veikleikum tengdum mállegri úrvinnslu, vinnsluminni, vinnsluhraða sem og ákveðnum þáttum sjónrænnar úrvinnslu sem snúi að sjónrænni rökleiðslu, rúmskynjun og skipulagsfærni. Veikleikar af þessu taki geti haft veruleg áhrif á sveigjanleika í hugsun, skjót viðbrögð og forgangsröðun. Þetta eigi m.a. við þegar foreldri þurfi að lesa í þarfir og umönnun barns, þegar það sýni svengd, þreytu, óöryggi eða þörf fyrir örvun. Stefnda hafi í gegnum ferlið sýnt veikleika á þessum sviðum, en fram komi í upplýsingum frá eftirlitsaðila umgengni að stefnda hafi ítrekað þurft ábendingar og leiðsögn hvað þessi

atriði varðar, hafi frá byrjun átt erfitt með að yfirfæra leiðbeiningar úr einum aðstæðum í aðrar og þessir veikleikar sýnt sig með skýrum hætti þegar fylgst hafi verið með umgengni.

Einnig segir í matsgerð að klínískt mat hafi verið lagt á geðheilsu stefndu í viðtölum samhliða greiningarviðtali (MINI), útfylltum sjálfsmatslistum og gögnum frá Landspítala. Í viðmóti og við verkefnavinnu hafi stefnda sýnt hægán viðbragðstíma þar sem hún hafi oft verið hæg í hugsun og tali, verið svipbrigðalítill og fjarlæg, líkt og hún væri tilfinningalega dofín. Á sama tíma hafi hún sýnt matsmanni kurteisni og yfirvegun og verið viljug til samstarfs. Aðspurð hafi hún gefið lítið upp varðandi eigin líðán og verið iðulega í vörn þegar rætt hafi verið um geðræna erfiðleika. Virk geðrofseinkenni hafi ekki komið fram í viðtölum en klínískt yfirbragð, hæg hugsun og að því er virðist takmarkað aðgengi eða fjarlæg tjáning sé áhyggjuefni og bendi til þess að stefnda sé í viðkvæmri stöðu.

Í geðgreiningarviðtali MINI neiti stefnda yfirstandandi geðrofseinkennum en viðurkenni fyrri reynslu af slíkum einkennum. Hún uppfylli ekki greiningarskilmerki fyrir meiriháttar þunglyndi, kvíðaraskanir eða önnur geðræn einkenni samkvæmt viðtalinu. Sjálfsmatslistar (PHQ-9, GAD-7, SCL-90-R, SAPAS) hafi verið af sama meíði, sýnt lága sem enga einkennamynd. Þessar niðurstöður beri að túlka með varúð í ljósi aðstæðna þar sem stefnda standi í baráttu um forsjá drengsins og fegri augljóslega ímynd sína með því að afneita öllum tilfinningalegum einkennum.

Matsmaður telur það að stefnda sé einkennalaus, líkt og hún gefi til kynna í viðtölum og sjálfsmatslistum, stangast á við klínískt yfirbragð þar sem hún greini frá streitu vegna málsins og hún hafi átt ítrekaðar komur á bráðamóttöku vegna svefn og kvíðavanda frá síðastliðnu hausti. Þetta verði að teljast skýr vísbending um að hún sé í mikilli afneitun gagnvart eigin stöðu.

Niðurstöður á persónuleikaprófi (BPI) hafi verið með svipuðum hætti þar sem stefnda hafi sýnt mikla varnartilburði en svörunarmynstur sýni prófil sem sé innan eðlilegra marka, fyrir utan hækkun á undirkravða „afneitunar (t-gildi: 67)“. Þetta sé í samræmi við ofangreind varnarviðbrögð sem lýsi bæði skorti á innsæi og þörf til að fegra eigin líðán og aðstæður. Tilhneiging til afneitunar og skortur á innsæi geti verið skaðleg þegar hugsanlegt bakslag gæti verið yfirvofandi og torveldi sannarlega meðferðarheldni. Staðreyndin sé sú að stefnda eigi sögu um alvarleg geðrofseinkenni í kjölfar fæðingar drengsins [...] 2024. Óljóst virðist vera hvort um hafi verið að ræða afmarkað „post-partum geðrof“ eða hvort hér séu að birtast einkenni undirliggjandi geðrofssjúkdóms sem eigi sér lengri sögu. Með tilliti til meðferðar sé þessi óvissa mikilvæg, þar sem báðar skýringar feli í sér aukna áhættu á endurteknum lotum við álag, einkum ef streita eykst og svefn raskast.

Enn fremur segir í matsgerð að gögn frá hausti 2025 sýni að stefnda hafi ítrekað leitað á bráðamóttöku vegna langvinnis svefnleysis og kvíða. Þar séu svefntruflanir metnar sem alvarlegur áhættuþáttur fyrir endurkomu geðrofs. Ítrekaðar breytingar á lyfjameðferð, takmörkuð meðferðarheldni og andstaða við geðrofslyf, ásamt ótta við aukaverkanir, bendi til þess að stöðugleiki í meðferð sé lítill.

Almennt leiði mat á stöðu stefndu í ljós að hún búi yfir ákveðnum verndandi þáttum, svo sem getu til að halda rútinu í daglegu lífi, bæði í einkalífi og vinnu. Þá sé hún reglusöm og eigi enga sögu um misnotkun áfengis eða vímuefna. Hún sé þrautseig og sýni mikinn vilja til að halda tengslum við drenginn.

Alvarlegir áhættuþættir dragi engu að síður úr forsjárgetu hennar en í því tilliti verði ekki hjá því lítið að hún eigi sögu um alvarleg geðræn veikindi og glími nú við viðvarandi svefntruflanir og kvíða. Þá hafi meðferðarheldni verið slök og hún sýni andstöðu við lyfjameðferð, sé í mikilli afneitun og hafi takmarkað innsæi gagnvart eigin stöðu. Framangreindir veikleikar, afneitun og takmarkað innsæi, hafi afgerandi þýðingu í þessu samhengi þar sem stefnda telji sig vera „alveg sú sama og hún var áður“ þrátt fyrir gögn um endurtekið svefnleysi, kvíða og lyfjatengdan óstöðugleika.

Í ljósi þessa er það mat matsmanns að geðheilsa stefndu sé ekki nægilega stöðug til að hún geti tryggt drengnum þann stöðugleika, fyrirsjáanleika og tilfinningalegt öryggi sem nauðsynlegt sé fyrir eðlilegan þroska hans. Forsjárhæfni stefndu teljist því verulega skert, einkum þegar horft sé til þess að drengurinn sé á viðkvæmu þroskaskiði og hafi þörf fyrir stöðuga og fyrirsjáanlega umönnun. Matsmaður telur umtalsverða hættu á bakslagi samhliða auknu álagi, ekki síst ef drengurinn væri kominn í hennar umsjá.

Um tengsl stefndu við drenginn og eðli þeirra tengsla segir í matsgerð að stefnda upplifi sig ábyrgðarfulla og telji sig hafa lagt sig fram í foreldrahlutverkinu. Þessi viðhorf endurspeglar í svörum á PCRI-matslistanum þar sem hún lýsi jákvæðri sjálfsmýnd sem móðir. Þrátt fyrir þetta sýni athuganir við umgengni aðra og flóknari mynd þar sem samskipti stefndu við drenginn einkennist af litlu frumkvæði, takmarkaðri gagnkvæmni og erfiðleikum hennar við að lesa í boð og tilfinningar drengsins. Hún virðist ítrekað eiga erfitt með að lesa í skilaboð hans um óþægindi, þreytu eða áhuga og haldi honum gjarnan þétt að sér þrátt fyrir að hann sýni skýr merki um að vilja kanna umhverfið sjálfstætt. Samskiptum og tengslum stefndu við drenginn hafi verið lýst sem fátæglegum og einhliða af eftirlitsaðilum umgengni. Þetta hafi einnig sýnt sig þegar fylgst var með umgengni. Þetta hafi aukið á óöryggi drengsins þar sem hún hafi gert litlar tilraunir til að hughreysta eða aðlaga hann í aðstæðum.

Þá hafi komið fram að stefnda eigi erfitt með að meðtaka leiðbeiningar um hvernig megi örva drenginn eða bregðast við honum. Hún fylgi leiðbeiningum aðeins eftir í skemmri tíma en eigi erfitt með að meðtaka og yfirfæra leiðbeiningar yfir í nýjar aðstæður. Þetta bendi til þess að hún eigi erfitt með að tileinka sér nýja foreldrafærni og að innsæi hennar fyrir foreldrahlutverkinu sé takmarkað.

Við kveðjustundir hafi drengurinn sýnt skýr merki um öryggi og sterkt tengsl við fósturaðila. Drengurinn fagni þeim, leiti í fang þeirra og sýni áhuga á að fara með þeim. Í slíkum aðstæðum hafi stefnda endurtekið reynt að halda drengnum hjá sér eða tekið hann upp á ný þrátt fyrir að hann leiti til fósturaðila. Þetta valdi því að drengurinn verði órólegur og fari að gráta. Þessi atburðarás bendi til þess að stefnda eigi erfitt með að lesa í tilfinningar drengsins og að hún setji eigin þarfir fyrir nánd framar þörf drengsins fyrir öryggi þegar kemur að kveðjustundum en það hafi aukið á streitu og óöryggi hjá drengnum og endurtekið komið honum í uppnám.

Niðurstaða matsmanns er sú að tengsl stefndu við drenginn séu veik þrátt fyrir augljósan vilja hennar til að vera góð móður. Skortur á næmni, gagnkvæmni og frumkvæði í samskiptum, ásamt takmörkuðu innsæi í þarfir drengsins, hafi hamlað eðlilegri tengslamyndun í ljósi þeirrar umgengni sem hafi verið til staðar. Þegar fylgst hafi verið með umgengni hafi engu að síður komið í ljós að stefnda sé tilfinningalega mikilvæg í tengslum við drenginn en daglegt öryggi og rúttína sé eðlilega bundin við tengsl við fósturfeður þar sem þeir hafi verið hans aðalumönnunaraðilar.

Varðandi hæfni og getu stefndu til að nýta sér meðferð og stuðningsúrræði, og hvort úrræði séu fullreynd, segir í matsgerð að stefnda hafi sýnt að hún geti verið samvinnufús og leitað sér hjálpar þegar á þurfi að halda. Samkvæmt nýlegum fyrirliggjandi gögnum hafi hún ítrekað leitað sér aðstoðar vegna svefnvanda, kvíða og vanlíðunar og sýni hún því vilja til að fá hjálp þegar líðan versni og hafi þá reglulega leitað til heilbrigðisþjónustu, einkum á bráðamóttöku geðsviðs. Þetta teljist jákvæður þáttur varðandi meðferðarsamvinnu og gefi til kynna að hún einangri sig ekki þegar hún finni versnandi líðan. Nýting á meðferð hafi þó verið takmörkuð og meðferðarheldni ótrygg og hafi einkennst af óstöðugri lyfjatöku, áhyggjum og tortryggni gagnvart geðrofslyfjum og skertu innsæi á tengslum milli svefns, álags og áhættu á endurteknum geðrofseinkennum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi stefnda ítrekað fengið leiðbeiningar og fræðslu um tilgang og mikilvægi lyfjameðferðar, án þess að það hafi skilað sér í varanlegum breytingum á meðferðarheldni. Þessi viðhorf virðist ekki eingöngu tengjast tungumálaörðugleikum heldur einnig takmörkuðu innsæi í eigin veikindi. Svipað mynstur birtist í tengslum við stuðningsúrræði barnaverndar. Stefnda virðist nýta sér leiðbeiningar að einhverju marki þegar þær séu veittar í aðstæðum en eigi aftur á móti erfitt með að yfirfæra nýja færni og leiðbeiningar yfir í nýjar aðstæður og sýni takmarkað frumkvæði og úthald til að framkvæma hlutina. Þrátt fyrir endurteknar ábendingar um að örva, virkja og bæta samskipti við drenginn, lesa betur í þarfir hans varðandi næringu, kveðjustundir, almenna rúttínu og virkni þá virðist aðeins hafa orðið litlar og ósamfelldar breytingar á færni stefndu.

Ekkert bendi til að stefnda hafi hafnað stuðningi eða meðferð með beinum hætti, en hvernig hún nýti úrræðin hafi verið brotkennt og árangur eftir því. Hún hafi t.d. ekki farið í skipulagt endurhæfingarferli og virðist ekki hafa notið samfelldrar, langtímameðferðar eða eftirfylgdar í geðheilbrigðisefirlitinu þrátt fyrir alvarlega geðsögu og virðist sjálf hafa forgangsraðað atvinnuþáttöku

umfram það að þiggja frekari meðferð, að því er virðist í þeirri trú að það auki möguleika hennar á að endurheimta drenginn í sína umsjá.

Þá lýsi stefnda verulegum áhyggjum af geðrofslyfjum og svefnlyfjum og hafi ítrekað tjáð ótta við að slík lyf „breyti heilanum“ eða séu merki um að hún sé með geðklofa. Þessi viðhorf endurspeglir takmarkað innsæi gagnvart hættu á bakslagi þar sem stöðugleiki á svefni og reglufesta í meðferð teljist lykilþættir í forvörn gegn endurteknum geðrofseinkennum. Meðferðarheldni stefndu hafi því verið óstöðug en hvatning og fræðsla virðist ekki hafa skilað áþreifanlegum árangri.

Upplýsingar um formlega og samfellda meðferð eða eftirfylgd á vettvangi geðheilbrigðisþjónustu séu óljósar en fyrir liggir að stefnda sækir ekki reglubundna meðferð, hvorki í geðteymi, hjá geðlækni né sálfræðimeðferð. Þvert á móti virðist hún einkum leita á bráðamóttöku þegar hún finni versnun einkenna, kvíða og svefnleysi sem staðfesti ómarkvissa meðferð. Þá liggir fyrir að tungumálaörðugleikar og félagsleg staða stefndu hafi að einhverju marki torveldað henni aðgengi að þjónustu og líklega haft áhrif á samvinnu og árangur meðferðar.

Varðandi stuðningsúrræði í foreldrahlutverki hafi stefnda notið margvíslegs stuðnings, m.a. í gegnum eftirlit með umgengni, tengslameðferð, leiðsögn, fræðslu og aðstoð við framkvæmd daglegra athafna með drengnum. Endurteknar lýsingar eftirlitsaðila bendi þó til þess að stefnda hafi átt erfitt með að tileinka sér þessa leiðsögn og átt erfitt með að yfirfæra hana yfir í nýjar aðstæður.

Við mat á því hvort unnt sé að beita vægari úrræðum en forsjársviptingu verði fyrst og fremst að líta til hagsmuna drengsins, þar sem þroski, öryggi og tengsl á fyrstu æviárum séu afgerandi þættir fyrir framtíðarhorfur drengsins. Með það í huga sé lítið svigrúm fyrir langvarandi óvissu og óstöðugleika. Drengurinn hafi verið fósturvistaður frá [...] vikna aldri vegna andlegra veikinda stefndu og hafi því frá fyrstu dögum ævi sinnar myndað frumgeðtengsl og öryggi hjá fósturforeldrum. Tilfinningaleg tengsl drengsins við stefndu séu til staðar en einkennist samkvæmt athugunum í umgengni og mati tengslamatsaðila af brothættu samspili þar sem stefnda sýni erfiðleika í mikilvægum færniþáttum, einkum hvað varðar næmni til að lesa í þarfir og skilaboð drengsins auk þess sem hana skorti bæði sjálfstæði og frumkvæði í samskiptum sem hafi bein áhrif á aðlögun, örvun og virkni drengsins.

Þá liggir fyrir að greindarfarslegir veikleikar stefndu takmarki getu hennar til að tileinka sér nýja þekkingu og færni, takmarki innsæi og getu til að yfirfæra nýja þekkingu í nýjar aðstæður. Jafnframt liggir fyrir að stefnda búi enn við óstöðuga líðan, hún glími við langvinnan svefnvanda og kvíða, skorti innsæi og sýni óstöðuga meðferðarheldni, einkum vegna tortryggni gagnvart geðrofs- og svefnlyfjum. Þetta séu áhættuþættir sem dragi úr fyrirsjáanleika og auki hættu á bakslagi, sérstaklega ef hún er undir álagi, sem sannarlega myndu aukast væri drengurinn í hennar umsjá.

Með framangreint í huga geti einungis umfangsmikil og sérhæfð úrræði komið til greina ef stefnt yrði að aukinni aðkomu stefndu, þar á meðal stigvaxandi umsjá undir náinni tilsjón, samfelld eftirfylgd þverfaglegs geðteymis, markviss foreldrafærniþjálfun og skýr viðbragðsáætlun við bakslagi. Slík úrræði þyrfti að hugsa til langs tíma og sæta reglulegri endurskoðun.

Yrði sú leið valin, að láta reyna á vægari úrræði, verði þó að teljast ólíklegt að stefnda hafi burði til að ná upp nauðsynlegri foreldrafærni innan þess tímaramma sem ásættanlegur sé fyrir þroska drengsins, þ.e. að ná stöðugleika, öðlast bætt innsæi og færni fyrir þá umönnun og örvun sem drengurinn þurfi á ungum aldri, sérstaklega í ljósi þess að stefndu hafi hingað til skort innsæi og sýni slaka meðferðarheldni.

Að mati matsmanns sé því hæpið að vægari úrræði en forsjársvipting geti tryggt velferð drengsins að fullu eins og staða stefndu sé í dag. Vægari úrræði geti hins vegar haft mikilvæga þýðingu gagnvart því að viðhalda tengslum við stefndu samhliða því að drengnum séu tryggðar stöðugar og þroskavænlegar aðstæður með áframhaldandi fósturvistun. Niðurstaða matsmanns sé því sú að ekki liggir fyrir nægilega traustar forsendur til að ætla að vægari úrræði geti tryggt velferð og stöðugleika drengsins innan þess tímaramma sem teljist þroskalega ásættanlegur.

V.

1.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands eiga allir rétt til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þann rétt má ekki skerða nema með lögum og ef brýna nauðsyn ber til. Hliðstætt

ákvæði er í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá er í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, en ákvæðið sækir m.a. fyrirmynd í 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, sem var veitt lagagildi með lögum nr. 19/2013. Þar segir að það sem sé barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Í 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er barnaverndarþjónusta heimilað að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annað þeirra eða bæði, skuli svipt forsjá ef hún telur að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska, sbr. a-lið 1. mgr. 29. gr. laganna. Þá er heimilt samkvæmt c-lið 1. mgr. 29. gr. að svipta foreldri forsjá sé barni misþyrmt, misboðið kynferðislega eða það má þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 29. gr. er heimilt að krefjast forsjársviptingar ef barnaverndarþjónusta telur fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæf til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Forsjársvipting er afar alvarlegt inngríp í friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Um málsmeðferð barnaverndaryfirvalda vegna forsjársviptingar gilda ákvæði stjórn-sýslulaga, með þeim frávikum sem greinir í barnaverndarlögum. Þannig ber stjórnvaldi m.a. að gæta rannsóknarreglu 10. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993, sem felur í sér að stjórnvaldi ber að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Einnig ber stjórnvöldum að gæta meðalhöfsreglu 12. gr. laganna, en samkvæmt henni skal stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmæltu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er markmið laganna að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að barnaverndarlögum segir í skýringum með ákvæðinu að í þessu felist m.a. það almenna sjónarmið að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá sinni eigin fjölskyldu og að stöðugleiki ríki í uppvexti þeirra.

Í 4. gr. barnaverndarlaga eru meginreglur barnaverndarstarfs. Þar er mælt fyrir um að beita skuli þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni sé fyrir bestu og hagsmunir barns ávallt hafðir í fyrirrámi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Jafnframt skulu barnaverndaryfirvöld eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skuli gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti. Þá er í 2. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga sérstaklega áréttað að kröfu um sviptingu forsjár skuli því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs. Þá er í 1. mgr. 41. gr. barnaverndarlaga kveðið á um að barnaverndarþjónusta skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

## 2.

Í máli þessu krefst stefnandi þess að stefnda verði svipt forsjá sonar síns sem fæddist [...]. Stefnda fer ein með forsjá drengsins.

Eins og rakið hefur verið hófust afskipti barnaverndaryfirvalda af drengnum [...] ágúst 2024, en þá kom stefnda með hann á bráðamóttöku Landspítala og var hún í geðrofi og með miklar ranghugmyndir. Frá þeim degi hefur drengurinn verið vistaður utan heimilis og myndað sterk tengsl við fósturfjölskyldu.

Stefnda, sem er frá [...], kom hingað til lands á árinu [...] en hún hafði áður búið [...]. Hún á tvö önnur uppkomin börn, [...]. Stefnda flutti frá [...] til [...] þegar [barn] hennar var [...] ára en [það] varð eftir hjá móður hennar. Á meðan stefnda bjó [...] eignaðist hún [barn] þar. Stefnda sleit sambandi við barnsföður sinn þegar [barnið] var [...] ára og bjó [það] ýmist hjá stefndu eða föður sínum. [Barn] stefndu

býr í dag í [...] hjá föður sínum. Stefnda býr hér á landi hjá [fjölskyldumeðlimi sínum] og [...] ára [barni] hennar og stefnda starfar hjá [...]. Félagsleg staða stefndu er ekki sterk, en það getur ekki verið grundvöllur forsjársviptingar.

Undir rekstri málsins aflaði stefnandi forsjárhæfnismats dómkvadds matsmanns, D sálfræðings. Í matsgerð hans kemur fram að stefnda búi yfir ákveðnum styrkleikum, hún geti haldið rútinu í daglegu lífi, sé reglusöm, þrautseig og sýni mikinn vilja til að halda tengslum við drenginn. Það sé einnig styrkleikur stefndu að leita sér hjálpar þegar þörf er á. Alvarlegir áhættuþættir dragi hins vegar úr forsjárgetu hennar. Hún eigi sögu um alvarleg geðræn veikindi og nýleg gögn frá móttökugeðdeild Landspítala, frá desember 2025, lýsi viðvarandi svefnvanda stefndu og kvíðaeinkennum, endurteknum komum á bráðamóttöku og óstöðugri meðferðarheldni. Matsmaður segir þetta alvarlega áhættuþætti í ljósi fyrri geðrofssögu stefndu.

Samkvæmt geðgreiningarviðtali MINI uppfyllir stefnda ekki greiningarskilmerki fyrir meiriháttar þunglyndi, kvíðaraskanir eða önnur geðræn einkenni. Matsmaður telur hins vegar að taka verði þeim niðurstöðum með varúð enda stangist þær á við klínískt yfirbragð og komur stefndu á bráðamóttöku. Þetta sé skýr vísending um að stefnda sé í mikilli afneitun og skorti innsæi í stöðu sína og skilning á tengslum milli svefns og álags. Þetta sé skaðlegt þegar bakslag gæti verið yfirvofandi og torveldi meðferðarheldni, en lyfjataka stefndu hafi verið óstöðug vegna andstöðu hennar og tortryggni gagnvart geðrofslyfjum. Þessir alvarlegu áhættuþættir dragi úr forsjárgetu hennar. Matsmaður telur að geðheilsa stefndu sé ekki nægilega stöðug til að hún geti tryggt drengnum þann stöðugleika, fyrirsjáanleika og tilfinningalegt öryggi sem sé nauðsynlegt fyrir þroska hans. Forsjárhæfni stefndu teljist því verulega skert.

Það liggur fyrir í gögnum frá Landspítala og læknum að stefnda hafi verið með geðrof í ágúst 2024. Fyrir dómi viðurkenndi hún ekki að hafa verið í geðrofi og útskýrði ástand sitt með því að hún hefði verið með kvíða og sýkingu í kjölfar fæðingar drengsins. Hún kvaðst ekki á móti því að taka lyf en það þurfi að vera rétt lyf. Þetta samræmist niðurstöðu matsmanns um skort á innsæi stefndu og meðferðarheldni. Samkvæmt læknisvottorðum sem liggja fyrir í gögnum málsins náði stefnda bata og lyfjameðferð var hætt. Stefnda á hins vegar við svefnvanda að stríða og fram kom hjá henni fyrir dómi að hún taki stundum svefnlyf. Dómurinn tekur undir áhyggjur matsmanns um svefnvanda stefndu sem áhættuþátt fyrir bakslag geðrofs en telur að við mat á forsjárhæfni hennar megi ekki leggja of mikla áherslu á sögu hennar um geðrof í ágúst 2024.

Samkvæmt gögnum málsins og vitnisburði matsmanns fyrir dómi eru tengsl milli stefndu og drengsins, en þau tengsl munu vera veik, enda var hann fljótlega eftir fæðingu vistaður utan heimilis. Samskipti stefndu við drenginn hafa einkennist af litlu frumkvæði hennar og erfiðleikum við að lesa í boð og tilfinningar drengsins, svo sem þegar hann er svangur, þreyttur eða óöruggur. Þetta kemur fram í fjölmörgum og ítarlegum skýrslum eftirlitsaðila með umgengni. Einnig kom þetta fram við tengslamat og tengslameðferð sem F félagsráðgjafi framkvæmdi að beiðni stefnanda til að efla færni stefndu og tengsl hennar við drenginn. Þetta kom jafnframt fram þegar matsmaður fylgdist með umgengni stefndu við drenginn. Fyrir dómi lýsti matsmaður því að þegar hann fylgdist með umgengni hafi stefnda þurft mikla aðstoð og ekki verið virk í samskiptum eða sýnt frumkvæði. Það vanti mikið upp á örvun og frumkvæði sem hafi áhrif á þroska og velferð drengsins. Þannig virðist stefnda hafa átt erfitt með að meðtaka leiðbeiningar við umönnun drengsins. Að þessu leyti telst umönnun drengsins vera alvarlega ábótavant og þroska hans hætta búin. Eru þannig uppfyllt efnisleg skilyrði a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga. Ekki hefur verið sýnt fram á að c-liður 1. mgr. 29. gr. eigi hér við.

Kemur þá næst til skoðunar hvort skilyrði um meðalhóf sé fullnægt. Með vísan til dóms Landsréttar í máli nr. 635/2018 verður í því sambandi annars vegar að horfa til þess hvort vægari stuðningsúrræði hafi verið reynd og árangurs þeirra og hins vegar hvort ætla megi að frekari stuðningsúrræði geti tryggt drengnum viðunandi aðstæður og þroskaskilyrði. Geta og vilji foreldra til þess að taka við stuðningi og innsæi þeirra í vandann skipti máli við þetta mat.

Stefnda hefur sýnt mikinn vilja til að vera í samvinnu við barnaverndaryfirvöld. Í vottorði sérfræðilæknis frá 24. september 2024 segir að stefnda hafi svarað lyfjameðferð vel og engin geðrofseinkenni komið fram, ranghugmyndir eða aðsóknarkennd. Var sérstaklega tekið fram í vottorðinu að það væri afskaplega mikilvægt upp á tengslamyndun stefndu og drengsins að fá meiri tíma saman og

veikindi hennar ekki verið talin fyrirstaða þess að auka samvistir. Stefnda útskrifaðist af geðdeild [...] október 2024 og viku síðar var umgengni aðeins vikulega í tvær klukkustundir í senn á heimili stefndu undir eftirliti. Það var ekki fyrr en í janúar 2025 sem umgengni var aukin í átta klukkustundir í senn vikulega. Svokallað tengslamat hjá F félagsráðgjafa hófst ekki fyrr en um miðjan mars 2025 með greiningarviðtölum og í framhaldi af því tengslameðferð. Umgengni stefndu við drenginn var þá aukin í tvisvar í viku frá klukkan 9-17. Hins vegar var ákveðið að hætta meðferð eftir að stefnda hafði mætt í fimm skipti hjá tengslamatsaðila, yfir fimm vikna tímabil. Við umgengni sagði eftirlitsaðili stefndu til öðru hverju en ekki var um að ræða eiginlega þjálfun í foreldrafærni og eftirlit fór fram án túlks. Vegna takmarkaðrar umgengni stefndu við drenginn um lengri tíma hefur óhjákvæmilega orðið tengslarof milli þeirra. Þá hefur stefnda að takmörkuðu leyti notið leiðsagnar, kennslu og þjálfunar sem eru þekkt í barnaverndarstarfi. Ekki varð af fósturvistun stefndu og drengsins eins og markmiðið var með áætlun um meðferð máls, dags. 26. nóvember 2024. Er óljós ástæða þess að það stuðningsúrræði gekk ekki eftir af hálfu barnaverndar.

Matsmaður tekur afstöðu til þess í matsgerð hvort vægari úrræði en forsjárvipting komi til greina. Þar kemur fram að aðeins umfangsmikil og sérhæfð úrræði gætu komið til greina til að ná upp nauðsynlegri foreldrafærni sem þyrftu að vera til langs tíma og sæta reglulegri endurskoðun. Matsmaður telji hins vegar ólíklegt að stefnda hafi burði til að ná upp nauðsynlegri foreldrafærni innan þess tímaramma sem ásættanlegur sé fyrir þroska drengsins. Drengurinn sé á viðkvæmu þroskaskeiði og hafi þörf fyrir stöðuga og fyrirsjáanlega umönnun. Þá hafi stefndu hingað til skort innsæi og hún sýnt slaka meðferðarhaldni. Matsmaður telji því að vægari úrræði en forsjárvipting geti ekki tryggt velferð drengsins að fullu.

Þegar matsmaður var inntur eftir því fyrir dómi hvort vægari úrræði kæmu til álita sagði hann erfitt að taka afdráttarlausa afstöðu til þess. Vilji stefndu væri mikill en það væri hæpið og áhættuþættir fyrir hendi. Matsmaður taldi í því sambandi upp svefnerfiðleika stefndu, ekki sérlega góða meðferðarhaldni hennar, félagslegt bakland væri lítið og það að taka við drengnum myndi auka frekar á streitu, álag og ábyrgð. Það tæki langan tíma að byggja upp stuðning og stöðugleika. Forsjárhæfni stefndu væri verulega skert. Matsmaður taldi drenginn ekki í hættu á líkamlegum skaða í umsjá stefndu en til lengri tíma hefði það áhrif á þroska og velferð hans ef vanörvun væri til staðar. Spurt hvort ekki væri hægt að þjálfra færni stefndu í þessu sambandi með stuðningsúrræðum sagði matsmaður það vera spurningu um vilja og innsæi til að fylgja leiðsögn. Ítrekaðar tilraunir hefðu verið gerðar en stefnda átt erfitt með að yfirfæra þekkingu yfir á aðrar aðstæður. Matsmaður sagði að ekki hefði aðeins verið um að ræða eftirlit við umgengni heldur einnig leiðsögn og stuðning frá E félagsráðgjafa, sem var um tíma eftirlitsaðili. Matsmaður kvaðst hins vegar ekki hafa vitneskju um hver hefði verið starfslýsing hennar. Matsmaður var inntur eftir því hvort úrræði sem F félagsráðgjafi lagði til um að fósturvista stefndu og drenginn og sagði matsmaður að ef farið yrði í vægari aðgerðir væri þetta eitthvað sem hægt væri að sjá fyrir sér. Matsmaður kvaðst ekki geta sagt úrræðið vera gagnslaut. Einnig var matsmaður inntur eftir því hvort ekki væri hægt að veita stefndu stuðning til að takast á við álag, kvíða og svefnvanda og sagði hann að það ætti að vera hægt en því miður hefði ekki reynt nægilega mikið á það. Matsmaður kvaðst ekki geta tekið afdráttarlausa afstöðu til þess að ekki væri hægt að vinna með stefndu. Það hefði verið heppilegt að láta reyna á stuðning á fyrri stigum. Einnig var matsmaður spurður hvort drengnum líði vel í fangi stefndu og sagði hann að ekki hefði verið annað að sjá.

Vitnið F félagsráðgjafi sagði fyrir dómi að við tengslameðferð hefði stefnda átt erfitt með að tileinka sér leiðsögn og hana skort innsæi í þarfir drengsins. Taldi vitnið að þroska drengsins og öryggi væri stefnt í hættu í umsjá stefndu. Hvað varðar tillögu um að fósturvista stefndu og drenginn saman sagði vitnið að þegar tengslavinna hefði byrjað hefðu komið upp verulegar áhyggjur hjá vitninu af færni stefndu og öryggi drengsins í umsjá hennar. Vitnið hefði því ekki getað lagt til slíka fósturvistun og taldi það ekki vera vænlegan kost.

Þegar gögn málsins eru virt verður ekki alhæft að enginn árangur hafi náðst við að bæta umönnun stefndu með drenginn og tengsl þeirra. Í skýrslu vegna eftirlits með umgengni 8. nóvember 2024 kemur t.d. fram að „móðir hafi verið varfærin“ og „drengurinn fylgist með móður sinni og hún færði sig nær honum, byrjaði að syngja, klappa saman lófum og spjalla við hann“. Í skýrslu 26. nóvember 2024 kemur

m.a. fram að stefnda „gekk með drenginn um gólf, lét hann vera framvísandi líkt og var ráðlagt í síðustu umgengni þegar drengurinn grét mikið“. Samkvæmt skýrslum eftirlitsaðila virðist umgengni frá janúar 2025, sem var einn dag í viku, almennt hafa gengið vel þó að stefnda hafi verið þreytt eða „dull“. Fyrir dómi greindi stefnda frá því að hún hefði verið greind með járnskortsblóðleysi (amenia) sem gæti útskýrt þreytu og orkuleysi hennar á þeim tíma. Þá kemur m.a. fram í skýrslu frá 30. janúar 2025 að stefnda „fyllgdist vel með drengnum, faðmaði hann að sér, strauk hann og kyssti. Hún sýndi ekki mikil svipbrigði en brosti lítillga í smástund“. Einnig segir að stefnda „kyssti fót drengsins og spjallaði við hann brosandi“. Í skýrslu 23. apríl 2025 kemur m.a. fram að stefnda hafi gætt hans sérstaklega vel og „sýndi drengnum athygli, talaði við hann og söng“. Þá segir í skýrslu vegna umgengni 2. júní 2025 að þegar 2-3 skeiðar hafi verið eftir af matnum hafi drengurinn lokað munninum og ekki viljað meira og að „móðir las í það og áttaði sig á því að hann vildi ekki meira“.

Samkvæmt þessu hefur stefnda sýnt að hún getur sýnt drengnum tilfinningalega nánd, tekið leiðbeiningum og yfirfært þær við nýjar aðstæður. Verður ekki annað séð en að nokkur árangur hafi náðst af vinnu við að bæta umönnun hennar við drenginn og efla tengsl þeirra. Er að mati dómsins varhugavert að fullyrða að stuðningsúrræði geti ekki skilað árangri og að stefnda geti ekki bætt sig í foreldrahlutverkinu. Hún hefur vilja til að þiggja aðstoð og býr eins og áður segir yfir ýmsum styrkleikum.

Þegar lítið er til alls framangreinds, einkum fyrirliggjandi matsgerðar og vitnisburðar dómkvadds matsmanns fyrir dómi sem var ekki afdráttarlaus, er það niðurstaða dómsins að ekki hafi verið fullreynt að bæta forsjárhæfni stefndu með stuðningsúrræðum sem eru tæk í barnaverndarstarfi, svo sem stuðningsvistun, tilsjón, stuðningsfjölskyldu, sálfræðiaðstoð, persónulegum ráðgjafa eða ráðgjöf varðandi foreldrafærni. Má í því sambandi t.d. nefna þjónustu YLFU sem hefur verið notuð í barna- og velferðarstarfi. Stefnda hefur um langan tíma notið mjög takmarkaðrar umgengni við drenginn og er þörf á að hefja aðlögun sem miðar að því að styrkja stefndu í uppeldishlutverki sínu og styrkja tengsl hennar við drenginn með það að markmiði að hægt verði að sameina þau sem fjölskyldu. Eins og fram kemur hjá matsmanni getur þetta aðlögunarferli tekið langan tíma en á stefnanda hvílir sú lagaskylda að fullreyna vægari úrræði. Það verður að telja að það þjóni best hagsmunum drengsins að reynt verði til þrautar áður en gripið er til jafn íþyngjandi úrræðis og að svipta stefndu forsjá hans.

Með vísan til alls framangreinds og meðalhófsreglu 2. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga ber að sýkna stefndu af kröfu stefnanda um að hún verði svipt forsjá drengsins.

3.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hennar, Guðbrands Jóhannessonar. Með vísan til tímaskýrslu lögmans og reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2026 eru málsvarnarlaun hæfilega ákveðin 2.341.255 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómendum Inga Tryggvasyni héraðsdómara og Helga Viborg sálfræðingi.

#### **Dómsorð:**

Stefnda, B, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun lögmans hennar, Guðbrands Jóhannessonar, að fjárhæð 2.341.255 krónur.